

Grafið úr gleymsku

Um smásagnabýðingar úr spænsku á íslensku

1. Inngangur

Árið 1951 birti fræðimaðurinn Þórhallur Þorgilsson greinina „Ecos españoles en Islandia“ eða „Spænskt bergmál á Íslandi“ í háskólatímaritinu *Revista Universitaria* í Salamanca á Spáni. Þetta er yfirlitsgrein yfir alla þá spænskumælandi höfunda sem hafa verið þýddir á Íslandi allt frá „upphafi“ til ársins 1942. Það sem kemur helst á óvart við lestur greinarinnar er hversu margir höfundar eru nefndir til sögunnar, en því miður er í fæstum tilvikum minnst á hvaða verk eða hvers kyns texta um ræðir. Af fjölda höfunda má þó ráða að textar frá Spáni og spænskumælandi löndum Rómönsku Ameríku hafa rekið á fjörur Íslendinga í árána rás. Flest eru þessi verk á víð og dreif í bókum og tímaritum sem voru gefin út á árum áður eða í handritum og eru mönnum ekki aðgengileg nú á dögum.

Þórhallur Þorgilsson var ötull við að safna upplýsingum um þýðingar úr rómönskum málum á íslensku og skrá þær auk þess sem hann var þýðandi sjálfur og vann á því sviði frumkvöðlastarf eins og verður vikið að síðar. Hann hugðist gera heildarskrá yfir öll verk sem höfðu verið þýdd úr latínu og rómönskum málum á íslensku allt frá því að fyrstu textar birtust á Íslandi eða frá „elstu tímum“. Þórhallur dó frá því verki ókláruðu en tókst að gefa út fyrstu tvö bindin af *Drögum að skrá um ritverk á íslensku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna*. Fyrsta bindið er til-einkað Frakklandi og er skrá yfir þýðingar úr frönsku og annað bindið, *Italia*, yfir þýðingar úr ítölsku.¹ Í formála fyrsta bindisins

¹ Landsbókasafn Íslands gaf bækurnar út 1954 og 1958.

segir hann frá framtíðaráformum um bindi þrjú og fjögur sem hann nefnir Spán og Portúgal, en fimmta og síðasta bindið, Róm, átti að vera helgað latínu.² Útkomnu bindin tvö eru skrár yfir ýmiss konar texta: ljóð, prósa (skáldsögur og smásögur) frásagnir, blaðagreinar og ýmislegt fleira.

Í fyrrnefndri grein, „Spænskt bergmál á Íslandi“, segir Þórhallur að fyrstu fregnir af Spáni í íslenskum bókmenntum séu frá 12. öld og tiltekur að í Íslendingasögunum sé oft og tíðum minnst á árásir víkinganna á Pýreneaskagann annars vegar og hins vegar á pílagrímaferðir norræna manna til borgarinnar Santiago de Compostela.³ Í greininni fer hann yfir tímabil sögunnar og rekur þannig sögu þýddra höfunda. Oft eru þetta óbeinar þýðingar, til að mynda textar eftir Seneca og Lucían og miðaldahöfunda á borð við Alfonso 10. hinn fróða, heilagan Ísidór, Pablo Orossio og Pedro Alfonso. Aftur á móti ber lítið á þýðingum frá hinni svonefndu gullöld Spánar, 16. og 17. öld, en dreifð textabrot frá þeim tíma fyrirfinnast þó, til dæmis eftir Tirso de Molina og jafnvel ljóðapýðingar eftir Luis de Góngora, eitt af höfuðskáldum Spánverja.⁴ Úr þessu hefur þó verið bætt eftir ritun greinarinnar og nægir þar að nefna þýðingar Guðbergs Bergssonar á „Krókna og Skerði“ og *Don Kíkóta* eftir Miguel de Cervantes sem og *Lasarus af Tormes*, einnig þýðingu Helga Hálfðanarsonar á leikverki Pedros Calderón de la Barca, *Lifið er draumur*. Þá hafa Berglind Gunnarsdóttir og Jón Hallur Stefánsson spreytt sig á ljóðum Góngora og Helgi Hálfðanarson og Jóhann Hjálmarsson á Félix Lope de Vega og Calderón de la Barca.

Þórhallur nefnir einnig í grein sinni forvitnilega þýðingu Eggerts Ólafssonar á verkinu *El Discreto* eftir 17. aldar höfundinn Baltasar Gracián y Morales og telur víst að Eggert hafi kunnað spænsku en þýtt verkið úr franskri útgáfu textans.⁵ Þýðingin er ennþá í handriti en unnið er að því að draga það mikla verk fram í dagsljósið í 18.

² Þórhallur Þorgilsson, *Drög að skrá um ritverk á íslensku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna, I Frakkland*, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1954, bls. v.

³ Þórhallur Þorgilsson, „Ecos españoles en Islandia“, *Revista Universitaria*, Salamanca, 15/1951, bls. 15–16, hér bls. 15.

⁴ Til eru athyglisverðar þýðingar Jóns Þorkelssonar á ljóðum Góngora sem voru lesnar upp á 5. og 6. fundi félagsins Ingólfur í Lærða skólanum árið 1879 og eru handskrifaðar í fundar-bók félagsins.

⁵ Þórhallur Þorgilsson, „Ecos españoles en Islandia“, bls. 16.

aldar þýðingu Eggerts.⁶ Auk þess minnst Þórhallur á þýðingar á kronikum og textum tengdum landkönnun og landvinningum í Ameríku. Flesta þá texta sem hér hafa verið nefndir, ef ekki alla, á eftir að skoða skipulega og athuga tengsl þeirra við frumtextann.

Á þessum síðum er ekki ætlunin að fara yfir alla þá höfunda sem Þórhallur minnst á í grein sinni heldur beina sjónum að þeim prósa- verkum sem voru þýdd úr spænsku á íslensku og gefin út á prenti í ýmsum tímaritum og bókum á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Þetta eru einkum smásögur og þjóðsögur. Í kjölfarið verður farið yfir sögu smásagnaþýðinga á 20. öld og fram til dagsins í dag, og leitast við að fylgja þýðingunum eftir birtingarári þeirra þó út af verði vikið í einhverjum tilvikum. Ekki verður lagt mat á þýðing- arnar sjálfar heldur er megintilgangurinn að gefa yfirlit yfir þær sögur sem hafa verið þýddar, höfunda þeirra og þýðendur, og einnig hvar og hvenær verkin birtust. Afar fáar þýðingar á lengri prósatextum komu út á fyrri hluta síðustu aldar og verður lítillega minnst á þær.

Við vinnslu þessarar samantektar hef ég meðal annars stuðst við þá höfunda sem Þórhallur nefnir í fyrrnefndri grein sinni. Það var þrautin þyngri að hafa upp á öllum textum þeirra. Er hér fyrst og fremst átt við smásögur sem birtust í tímaritum og bókum í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum 20. aldar. Í fyrstu reyndi ég að finna alla prósatexta (aðallega smásögur) sem hafa verið þýddir á íslensku með rafrænu leitarkerfi bókasafna á Íslandi, gegnir.is⁷, en þar reyndust upplýsingar takmarkaðar. Svo mörg eru tímaritin sem hafa verið gefin út á landinu í tímans rás að það sætir furðu hversu mikil gróska hefur verið á því sviði. Ennþá á þó eftir að koma öllu efni þeirra í ritaskrár eða tölvutækt form. Eftir að ég hóf rannsókn þessa benti Berglind Gunnarsdóttir, skáld og bókavörður, mér á að spjaldskrá sem áður var í eigu Þórhalls Þorgilssonar væri á Þjóðdeild Háskólabókasafnsins.⁸ Þessi spjaldskrá (eða sneplasafn), sem er eins

⁶ Óvíst er hvort hér sé um að ræða verkið *El Discreto* eða *El Cortesano* eftir Gracián y Morales sem bæði komu út um miðja 17. öld. Verkin voru þýdd á mörg tungumál, meðal annars frönsku, ensku og þýsku. Margar þýðingar voru gerðar eftir frönsku útgáfunni, *L'Homme de cour* og þeirri ensku, *The Art of Wordly Wisdom*. *Veraldarvíska* eftir Gracián y Morales kom út 1998 í þýðingu Ísaks Harðarsonar. Þórhallur á hér líklegast við *El Cortesano*.

⁷ Hér naut ég aðstoðar Halldóru S. Gunnlaugsdóttur sem útskrifaðist með B.A. í spænsku frá H.Í. vorið 2010. Vil ég þakka henni kærlega fyrir sérlega vel unnin störf.

⁸ Berglind Gunnarsdóttir fær sérstakar þakkir fyrir að hafa veitt þessar mikilvægu upplýsing- ar. Einnig fyrir alla aðstoð og sýndan áhuga.

konar kistill með handrituðum spjöldum í litlum skúffum, hefur reynst fjársjóður og hefur sennilega verið grunnur Þórhalls að verk-inu *Drögum að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna*. Síðar, með hjálp góðra starfsmanna Þjóðdeildar, tókst að hafa upp á drögum að handriti Þórhalls að spænskuhluta þessa verks. Þar var kominn enn annar fjársjóðurinn sem hefur verið ómetanlegur en þaðan hef ég fengið miklar upplýsingar. Auk þessa hafa rafræn tímarit frá timarit.is komið að gagni. Síðast en ekki síst var gamla aðferðin notuð: Ritum var flett.

Ég hef reynt af fremsta megni að hafa upp á öllum smásögum eftir spænskumælandi höfunda sem hafa verið þýddar á íslensku. Líta má á þessa samantekt sem tilraun til að gefa heildaryfirlit yfir smásagnaþýðingar úr spænsku – fyrstu niðurstöður í þeirri „leit“ sem samantektin hefur óneitanlega kallað á. Í lok greinarinnar eru drög að lista yfir þær smásögur sem hafa verið þýddar á íslensku, höfunda þeirra og birtingarstað. Hafi einhver saga eða þýðandi orðið útundan er beðist velvirðingar á því og leiðréttinga óskað.

2. Fyrstu prósatextar. Frásagnir og þjóðsögur

Fyrstu þýðingar úr spænsku á íslensku sem birtust á prenti á 19. öld eru smásögur eftir samtímahöfunda og textar í ætt við þjóðsagnir – þeir eru að minnsta kosti skráðir sem „þjóðsögur“. Jafnvel þótt rekja megi margar „þjóðsagnanna“ til Don Juans Manuel og rits hans *El Conde Lucano*, sem hann skrifaði snemma á 14. öld eða í kringum 1335, og þjóðsagnasafns Antonios de Trueba frá 19. öld, er uppruna þeirra ekki getið. Þær birtust með undirtitlum líkt og „Spánskt æfintýri“, „Spönsk þjóðsaga“ eða „Spánverkst ævintýri“. Þetta eru meðal annars sögurnar „Erkidjárninn í Badajoz“ og „Kona byggingameistarans“.

Sagan „Erkidjárninn í Badajoz“ birtist fyrst í tímaritinu *Ný sumargjöf* árið 1862 sem Páll Sveinsson gaf út í Kaupmannahöfn. Ritstjóri var Steingrímur Thorsteinsson meðal annarra. Eins og síður var á þessum tíma var þýðenda yfirlétt ekki getið og því síður sagt úr hvaða tungumáli var þýtt. Ekki er ósennilegt að Steingrímur Thorsteinsson hafi þýtt söguna, en hann var umsjónarmaður ritsins á þessum tíma. Þýðingin er stílfærð en efni hennar er hið sama og í 11.

sögu í *El Conde Lucanor* og því erfitt að segja til um hver frumtextinn var. Sögurnar úr *El Conde Lucanor* ferðuðust víða um Evrópu allt frá útkomu verksins og urðu grunnurinn að sögum margra höfunda.⁹ Eru einhverjar þeirra til hér á landi í gömlum handritum en á prenti birtust til dæmis sögurnar „Af riddara Romano“ og „Af meistara Pero ok hans leikum“ í *Íslendzkum ævintýrum* frá árinu 1882. Ein þekktasta saga *El Conde Lucanor* er eflaust „Lo que sucedió a un rey con los burladores que hicieron el paño“ (Það sem henti konung af völdum loddaranna) sem varð síðar að „Nýju fötum keisarans“ í meðförum H.C. Andersens.

Vitað er að Steingrímur þýddi mörg verk úr þýsku, ensku og Norðurlandamálunum en hann réð einnig við önnur tungumál og þýddi úr þeim. Hannes Pétursson segir frá því í bók sinni *Steingrímur Thorsteinsson. Líf og list* að þegar Steingrímur sótti um styrk úr sjóði Árna Magnússonar árið 1868 tiltók hann í bréfi sínu til Árnaneftdar – umsókn sinni til rökstuðnings – að auk bókmenntasögulegrar þekkingar, sem hann gæti stuðst við í störfum sínum fyrir safnið, hefði hann tungumálaþekkingu „sem ef til vill megi einnig að gagni koma, að hann lesi frönsku auðveldlega og sé ekki heldur með öllu fákunnandi í spönsku og ítölsku.“¹⁰ Má þess vegna leiða líkur að því að hann hafi þýtt sögur eftir spænskumælandi höfunda beint úr frummáli, jafnvel þótt hann hafi haft aðrar þýðingar til hliðsjónar. Fyrirnefnd saga, „Erkisdjárninn í Badajoz“, birtist svo mörgum áratugum síðar, eða árið 1931, í *Rökkri* og *Vísi* og er þá þýðandi tiltekinn Steingrímur Thorsteinsson. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir birtu sömu þýðingu árið 2007 í markverðu riti sínu með þýðingum Steingríms, *Undir sagnamána: Sögur*.¹¹ Þýðingin í *Nýrri sumargjöf* er þó ekki hin sama og

⁹ Í *El Conde Lucanor* eru um 50 dæmisögur þar sem gefin eru siðferðileg ráð um góða hegðun. Bókin er líka þekkt undir heitinum *Libro de los ejemplos del conde Lucanor y de Patronio* og *Libro de los ejemplos*. Þetta er með fyrstu bókmenntaverkunum sem voru skrifuð á spænska tungu en Don Juan Manuel er álitinn einn fyrsti stilsnillingur Spánverja. Uppruni sagnanna er héðan og þaðan; meðal annars endurspeglar þær *Dæmisögur Esóps* og arabísk ævintýri.

¹⁰ Hannes Pétursson, *Steingrímur Thorsteinsson. Líf og list*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarssjóds, 1964, bls. 141. Steingrímur þýddi ljóð eftir spænsku skáldin Ramón de Campoamor og Tomás de Iriarte sem birtust í *Íðunni* 1885.

¹¹ Þar kemur fram að sagan er tekin úr Lbs. 1736 4to. Sjá *Undir sagnamána: Sögur*. Þýtt og frumsamið hefur Steingrímur Thorsteinsson, útg. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir, Reykjavík: Sagnasmiðjan, 2007, bls. 190.

virðist unnin eftir öðrum frumtexta. Enn önnur útgáfa af sögunni og mun styttri birtist í *Alþýðublaðinu* árið 1936 undir titlinum „Prófasturinn og töframaðurinn. Spönsk þjóðsaga“. Þar er þýðanda ekki getið og þaðan af síður höfundar. En inntak sögunnar er það sama og í þeirri fyrri og byggist án efa á sömu sögu eftir Don Juan Manuel.

Sagan „Kona byggingameistarans“ birtist í *Iðunni* árið 1887 og er þýðandi Steingrímur Thorsteinsson. Sama saga birtist árið 2007 í fyrrnefndu riti Þorsteins Antonssonar og Maríu Önnu Þorsteinsdóttur. Önnur þýðing er til af sömu sögu. Var hún gefin út í *Lögbergi* árið 1908 undir sama titli; innihaldið er svipað þótt hún sé mun styttri. Þar er hvorki höfundar né þýðanda getið frekar en fyrri daginn enda er þetta „þjóðsaga“. Þórhallur Þorgilsson telur að söguna megi rekja til þjóðsagnasafns Antonios de Trueba frá 19. öld, en hann gaf út nokkrar bækur með stílfærðum þjóðsögum.¹²

Aðrar sögur sem fundist hafa og eru af þessum toga eru „Gamli Lótan. Persnesk-spönsk þjóðsaga“ í þýðingu Þorsteins Erlingssonar sem kom út í *Dýravínum* 1893 og í *Lögbergi* 1920, „Mexicönsk saga“ sem birtist í *Lögbergi* 1894 og „Lífselexirinn. Spönsk saga“ í sama riti 1935. Eitthvað var um það að þjóðsögur birtust á barnasíðum dagblaða, til dæmis í *Morgunblaðinu*: „Drengurinn sem kunní fuglamál. Spönsk þjóðsaga“ og „Sjóðurinn í Alhambra. Spönsk þjóðsaga“ (1953 og 1955). Í *Skinfaxa*, tímariti Ungmennafélags Íslands var árið 1960 birt sagan „Fjallapúkinn. Spænsk frá-sögn“ og árið 1963 birtist í *Samvinnunni* „Litli hálfkjúklingurinn. Spænskt ævintýri“. Á síðari árum hefur Baldur Óskarsson fengist við að þýða þjóðsögur frá Ameríku sem hafa birst í *Jóni á Bægisá*.¹³ Þessum sögum verða ekki gerð frekari skil hér þar sem meginefni greinarinnar eru smásögur eftir nafngreinda höfunda.¹⁴

¹² Handrit Þórhalls, bls. 9, Handritadeild Landsbókasafns Íslands. Um er að ræða bókina *Cuentos populares* sem kom út árið 1862.

¹³ Sjá „Sagan um það hvernig tónlistin barst til jarðarinnar“, *Jón á Bægisá* 4/1999, bls. 63–65; „Jómfrúin sem lék á alla. Saga frá Guatemala“, *Jón á Bægisá* 4/1999, bls. 66–68; „Maðurinn, tígurinn, máninn. Saga frá Venesúela“, *Jón á Bægisá* 6/2001, bls. 55–57; „Sjö liti folinn. Saga frá Dóminíska lýðveldinu“, *Jón á Bægisá* 12/2008, bls. 114–117.

¹⁴ Þessar sögur eru ekki taldar upp í drögumum að lista yfir smásögur hér að aftan. Þar eru aðeins smásögur eftir nafngreinda höfunda.

3. Smásögur á fyrstu áratugum 20. aldar

Á svipuðum tíma og fyrrnefndar þjóðsögur birtust komu einnig út í tímaritum þýðingar á smásögum úr spænsku eftir þekktu samtímahöfundum. Þar ber mest á sögum eftir einn helsta höfund Spánar þeirra tíma, Pedro Antonio de Alarcón. Árið 1896 birtist saga hans „Lúðurþeytarinn“ í *Þjóðviljanum unga* sem neðanmálssaga í nokkrum heftum og síðar í *Sögusafni Þjóðviljans unga*. Þar er höfundar ekki getið (undirtitill er „Spænsk frásaga“) en það er engum vafa bundið að þetta er þýðing á sögunni „La corneta de llaves“ sem Alarcón gaf út árið 1854. Uppgefinn þýðandi er K. B. Sá hinn sami þýddi megnið af neðanmálssögum í *Þjóðviljanum unga*, sem Skúli Thoroddsen gaf út á Ísafirði. Steingrímur Thorsteinsson virðist hafa þýtt sömu sögu eftir Alarcón þótt hún kæmi ekki út fyrir en ríflega öld síðar í bókinni *Undir sagnamána: Sögur*. Þá var hún tekin úr handriti Lbs. 1904 8vo sem geymt er á Þjóðdeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Í því handriti eru nokkrar smástílabækur og í einni þeirra er þýðing fyrrnefndrar sögu eftir „Alarkon“ sem hjá Steingrími heitir „Klapphornið“. Hvenær Steingrímur hefur þýtt söguna er erfitt að segja til um en samkvæmt *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*¹⁵ voru smástílabækurnar ritaðar milli 1880–1913. Í einni þeirra eru dagatöl fyrir árin 1885 og 1886. Jafnvel þótt það segi ef til vill ekki mikið er freistandi að ætla að Steingrímur hafi þýtt söguna einhvern tíma á níunda áratugnum eða um svipað leyti og hann þýddi „Konu byggingameistarans“. Í sömu stílabók eru líka nokkrar þýðingar á ljóðum eftir Túrgenev sem voru reyndar ekki birtar fyrir en í *Eimreiðinni* 1908 og *Lögbergi* sama ár.

Árið 1904 kom út skáldsagan *Veneno sveitarhöfðingi* eftir Alarcón í þýðingu Runólfs Magnúsar Jónssonar, prests. Ætla má að þetta sé fyrsta skáldsagan eftir spænskan rithöfund sem þýdd er í heild sinni á íslenska tungu. Sagan var gefin út á Ísafirði í ritröðinni „Í tómsfundum“ en útgefandinn var *Haukur. Heimilisblað með myndum*. „Í tómsfundum“ var „safn af úrvalssögum, þýddum og frumsömdum“ sem kom út í litlum mislögum heftum. Saga Alarcóns var

¹⁵ Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II. bindi, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1927, bls. 372.

númer 7–8 og var auglýst með eftirfarandi hætti: „Ástarsaga kvenhatarea eins, sem er dæmdur til að vera margar vikur samvistum við tómt kvenfólk. Sögupersónurnar eru svo ágætlega „dregnar upp“, og sagan svo fjörlega og skemmtilega skrifuð, að það er dauður maður, sem ekki hlær sig máttlausan, er hann les hana.“¹⁶ Verk Alarcóns eru þekkt fyrir að vera hnyttin, full af kímni og háði og nær höfundur oft inn að rótum manneðlisins með skörpum mannlýsingum. Hann er þó ekki þekktastur fyrir *Veneno sveitarhöfðingja* heldur *El sombrero de tres picos* (1874) og *El escándalo* (1875). *Veneno sveitarhöfðingi* kom út á frummálinu árið 1881 sem *El capitán Veneno*. Íslenska þýðingin á titlinum missir í raun marks og nær ekki tvíræðni höfundar því *veneno* merkir ‚eitur‘ en bókin gerir óspart grín að karlmennsku og hlutverki karla og kvenna. Alarcón virðist hafa notið vinsælda hér á landi, að minnsta kosti hefur þó nokkuð af verkum hans borist hingað til lands, sennilega gegnum ólíka miðla og mismunandi tungumál. Á næstu áratugum komu út nokkrar þýðingar á smásögum Alarcóns, til dæmis „Tvenns konar frægð“ árið 1919 í þýðingu Árna Þorvaldssonar. Tekið er fram að sagan sé þýdd úr spænsku en hún birtist í *Iðunni*. „Spá tatarans“ í þýðingu Þórhalls Þorgilssonar kom út í *Samtíðinni* 1946 og sama ár „Giftingatilboð Veneno liðsforingja“. Sú síðarnefnda kom út í þremur hlutum í blaðinu *Verkamaðurinn* sem „framhaldssaga verkamannsins“. Þetta er þó ekki eiginleg saga eftir Alarcón heldur stílfærður síðasti kafli skáldsögunnar *Veneno sveitarhöfðingi*. Þýðandi er ekki nefndur og allt bendir til þess að sagan hafi verið þýdd úr enskri útgáfu sögunnar, „Captain Veneno’s Proposal of Marriage“.¹⁷ Árið 1949 birtist svo „Gúrknar hans gamla Drésa“ í þýðingu S.S., sem líklega stendur fyrir Svein Sigurðsson ritstjóra *Eimreiðarinnar*.¹⁸

En snúum okkur aftur að fyrsta áratug 20. aldar. Ekki voru allar þýddar sögur eftir spænskumælandi höfunda gamansögur í anda

¹⁶ *Haukur. Heimilisblað með myndum*. Ókeypis vikublað fyrir auglýsingar, bls. 3.

¹⁷ „Captain Veneno’s Proposal of Marriage“ birtist í *Little Blue Book* númer 1195 sem hafði undirtitilinn *Stories by Foreign Authors: Spanish* og kom út árið 1898. Í íslensku þýðingunni er talað um „Avenue“ og spilið „écarté“ eins og í ensku útgáfunni.

¹⁸ *Þrihyrnda haturinn*, þýðing Sonju Diego á *El sombrero de tres picos*, var fluttur í Ríkisútvarpinu sem kvöldsaga árið 1961. Eyvindur Erlendsson las. Árið 1971 las Steindór Hjörleifsson í Ríkisútvarpinu smásöguna „Síðasta gjálífisævintýrið“ eftir Alarcón í þýðingu Sveinbjörns Sigurjónssonar. Þessar þýðingar hafa ekki verið gefnar út á prenti.

Alarcóns. Sama ár og *Veneno sveitarhöfðingi* kom út birti ritið *Templar* smásögu eftir annan þekktan rithöfund þessa tíma, José María Pereda, undir titlinum „Erfisdrykkjan“. Pereda var eitt helsta skáld Spánar á 19. öld og er einkum þekktur fyrir skáldsögur sínar *Sotileza* frá 1885 og *Peñas arriba* frá 1895. Stórstúka Íslands gaf út *Templar* og hefur efni sögunnar eflaust hentað tímaritinu en sagan fjallar um erfisdrykkju sem fer úr böndunum sökum vín-drykkju. Sögunni fylgir hvorki fróðleiksmoli um höfund né er þýðanda getið en strax á eftir sögulokum er klausa sem útskýrir þann undarlega spænka sið að neyta víns við erfisdrykkju. Þar segir: „Á Spáni hefir siður þessi, að drekka full fyrir eilífri sáluhjálpi hins látna, verið í margar aldir. Hvernig það hefir komið á vita menn ekki. Prestarnir hafa barist ötullega til þess að fá hann afnuminn, og margir rithöfundar hafa og gert það.“¹⁹ Sagan er að öllum líkindum þýdd úr dönsku.²⁰

Í lok fyrsta áratugar aldarinnar var gefin út bók með forvitnilegum titli: *Bifreiðin. Útlendar sögur*. Guðmundur Guðmundsson, cand. philos., þýddi og gaf bókina út á Ísafirði árið 1909. Í henni eru þrjár sögur eftir útlenda höfunda, meðal annars sagan „Ekkjan í Alquezar“ eftir Juan R. de Menéndez. Hér er höfundur sennilega rangnefndur (Menandez) en ekki hefur tekist að hafa uppi á honum. Guðmundur – betur þekktur sem Guðmundur skólaskáld – fékkst töluvert við þýðingar úr ýmsum málum og þýddi meðal annars ljóð úr spænsku eftir José Zorilla og Gustavo Adolfo Bécquer.²¹

Allmargar þýðingar á smásögum frá þessum tíma eftir spænskumælandi höfunda birtust í íslenskum tímaritum sem gefin voru út í Winnipeg, meðal annars tímaritunum *Öldin*, *Breiðablik*, *Rökkur*, *Saga* og *Lögberg*. Í lok 19. aldar, eða 1896, birti *Öldin* smásöguna „Chonita“ með undirtitlinum „mexíkönsk frásaga“ eftir Beatriz Bellido

¹⁹ Höfundur aftanmálstextans heldur áfram og segir: „Meira að segja, siðirnir hafa verið bannaðir af páfa. Þrátt fyrir þetta mun siður þessi þó finnast þar enn á stöku stað [...] Hér á landi hefir það ríkt, að drekka við jarðarfari, og þótt það hafi ekki gengið til eins og áður er sagt, þá vonum vér, að allir sjái, hversu óviðeigandi það er. Enda er það mikið að minka, og í sumum prófastsdæmum landsins mun það vera alveg eða mestmegnis hætt, fyrir góða framkomu prestanna.“ *Templar*, 11–14/1904, bls. 56.

²⁰ Orðið „alcalde“ (bæjarstjóri) er notað sem sérnafn eða titill (með dönskum greini og stórum staf nafnorða eins og tíðkaðist í dönsku á þessum tíma): „Alcalder“.

²¹ Þau eru í bókinni *Erlend ljóð. Nokkrar þýðingar* sem var gefin út 1924, nokkrum árum eftir fráfall höfundar en hann var að búa bókina til prentunar þegar hann lést. Útgefandi var Prentsmiðjan Gutenberg.

de Luna. Sagan er mjög líklega þýdd úr ensku, að minnsta kosti er hún tekin úr ágústhefti *Frank Leslies Popular Monthly* 1896. Í ritinu *Breiðablik* birtist árið 1908 sagan „Bonita Estrella“ eftir Mariano Casa-Escrito sem getur ekki talist þekktur höfundur frekar en höfundur „Chonitu“. Báðar sögurnar fjalla um það hvernig ólíkir menningarheimar mætast þegar Bandaríkin sölsa undir sig fyrrverandi umráðasvæði Mexíkómanna. Þessar sögur hafa borið lesendum annað sögusvið og nýjan andblæ en sögurnar frá Spáni. Árið áður hafði *Breiðablik* birt söguna „Heitið“ eftir Emiliu Pardo Bazán. Nafn hennar hefur þó eitthvað skolast til og lítur einna helst út fyrir að vera karlmannsnafn: Emillo Padro Bazán. Pardo Bazán er einn helsti rit höfundur Spánverja á 19. öld, var boðberi náúralismans þar í landi og skrifaði mikilvæga bók um þá stefnu.²² Hún sendi frá sér skáldsögur auk fjölda smásagna og eru margar þeirra afbragðsgóðar. Líkt og oft áður er þýðanda sögunnar ekki getið og engar upplýsingar eru um höfund frekar en sagnanna sem var minnst á fyrr. *Breiðablik* var „Mánaðarrit til stuðnings íslenskri menning“²³ og hefur eflaust auðgað íslenska menningu bæði í Ameríku og á Íslandi, en hér heima höfðu menn almennt greiðan aðgang að þessum tímaritum, að minnsta kosti voru hér margir áskrifendur.²⁴ Einnig var eitthvað um að rit héraðs og í Kanada deildu með sér efni.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að íslenskar þýðingar á sögum frá spænskumælandi málsvæðum hafa verið nokkuð algengar síðustu ár 19. aldar og á fyrsta áratug þeirrar tuttugustu jafnvel þótt þær séu afar fáar miðað við þýðingar úr öðrum tungumálum: Norðurlandamálunum, ensku, þýsku og frönsku.²⁵

²² Þetta er bókin *La cuestión palpitante* sem kom út árið 1883. Þekktustu verk hennar eru skáldsögurnar *Los pazos de Ulloa* (1886) og *La madre naturaleza* (1887).

²³ Þetta kemur fram í almennri kynningu í hverju riti. Sjá til dæmis *Breiðablik*, 11/1907, bls. 180.

²⁴ Var leitað upplýsinga hjá sérfræðingum í málefnum Vesturheims um það hvort lesendur á Íslandi hafi haft aðgang að tímaritum sem gefin voru út í Winnipeg. Viðar Hreinsson upplýsti eftirfarandi í tölvupósti frá 17. september 2010: „Í raun var þetta um hríð einn bókmenntamarkaður, þar sem gefið var út nærri jöfnum höndum í Winnipeg, Reykjavík og Kaupmannahöfn.“ Guðrún Björk Guðsteinsdóttir svaraði á eftirfarandi hátt í tölvupósti 16. september 2010: „Jú, mjög margir Íslendingar voru áskrifendur en voru almennt ekki duglegir að borga áskrift.“

²⁵ Í bókinni *Aferlendlri rót. Þýðingar í blöðum og tímaritum á íslensku 1874–1910* eftir Svanfríði Larsen kemur í ljós að á þeim 35 árum sem bókin spannar er lítið þýtt úr spænsku og/eða eftir spænskumælandi höfunda miðað við Norðurlandamál, ensku, þýsku og frönsku. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands/Háskólaútgáfan, 2006, bls. 63.

Aftur á móti verður breyting á þessu næsta áratuginn því þá má segja að ríki „þögn“; engar þýðingar á sögum frá þessum áratug hafa fundist. Á þriðja áratugnum glæðist útgáfa á þýðingum úr spænsku á ný en þá koma út nokkrar sögur í ýmsum ritum. Flestar eru þær eftir þekktu og virta höfunda á borð við Pío Baroja, Ricardo Jaimes Freyre, Rubén Darío og fyrrnefnda Pardo Bazán. Sagan „Ástarsaga flakkara“ eftir Pío Baroja birtist í *Sunnudagsblaðinu* í þýðingu Axels Thorsteinssonar. Er tekið fram að sagan sé þýdd úr ensku. „Ástarsaga flakkara“ er eina verk Baroja sem hefur birst í íslenskri þýðingu. Hann er einkum þekktur fyrir skáldsagnaskrif sín og er talinn til svonefndrar ‘98 kynslóðar á Spáni. Sömu sögu gaf Axel út löngu síðar, eða 1972, í smásagnasafninu *Ástardrykkurinn og sögur eftir aðra heimskunna höfunda*. Axel Thorsteinsson gaf út nokkrar frumsamdar bækur og þýðingar en hann var blaðamaður, útvarpsmaður og tímarita- og bókaútgefandi.²⁶ Hann fór ungur til Kanada og stofnaði þar tímaritið *Rökkur* árið 1922. Í því riti voru margar smásagnabýðingar²⁷ en það hefur ekki reynst auðvelt að taka af tvímæli um útgáfusögu þess. Fyrstu tveir árgangarnir voru gefnir út í Winnipeg en útgáfa þess virðist hafa flust til Íslands með Axel og var gefið út hér frá 1924.²⁸ Í því birtist sama ár sagan „Juan Neira“ eftir chileanska höfundinn Joaquín Díaz-Garcés. Hann var blaðamaður og rithöfundur sem skrifaði í anda *costumbrista*-hefðarinnar, eins konar sveitasögur með þjóðlegum fróðleik. Þýðandi er óþekktur og ekki vitað úr hvaða tungumáli er þýtt; nafn höfundar hefur misfarist: Jouquin. Sagan hafði birst fyrir á árinu sem neðanmálssaga í *Morgunblaðinu*. Tímaritið *Saga*, einnig gefið út í Winnipeg, birti í lok áratugarins söguna „Blæja Mab drottningar“ eftir skáldið Rubén Darío frá Nicaragua. Þýðanda er ekki getið. Á þeim tíma var Darío orðinn þekktur og verk hans höfðu borist víða. Darío er eitt mesta skáld Ameríku og spænskrar tungu og var upphafsmaður módernismans í Ameríku í lok 19. aldar, stefnu sem fluttist síðan til Spánar

²⁶ Þess má geta að Axel var sonur Steingríms Thorsteinssonar.

²⁷ Axel virðist hafa verið aðdáandi smásagna. Hann þýddi meðal annars *Ítalskar smásögur I* og *Ítalskar smásögur II* – úr ensku – sem komu út 1937 og 1938. Útgefandi var Rökkur.

²⁸ Sjá Ólafur F. Hjartar, *Vesturheimsprent. Skrá um rit á íslensku prentuð vestanhafs og austan af Vestur-Íslendingum*, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1986, bls. 40.

og annarra Evrópulanda.²⁹ Fyrsta verk hans, *Azul* kom út 1888, en í því var fyrirnefnd saga hans. Í þeirri bók voru bæði ljóð og prósatextar. Önnur þýðing á stuttum prósa Daríos – eins konar prósaljóð, mætti jafnvel nefna örsögu – er „Satan og rósinn“ sem *Eimreiðin* birti 1937. Þar er þýðandi Sveinn Sigurðsson. Tekið er fram að þýtt sé úr spænsku og sagan tekin úr *Revista Hispánica Moderna*. Þessi texti birtist þó upphaflega í dagblaðinu *La Tribuna* í Buenos Aires 1893 undir titlinum „El nacimiento de la col“ sem gæti útlagst „Uppruni kálsins“ eða jafnvel „Hvernig kálið varð til“. Aðrar þýddar sögur frá þessum áratug voru „Ferðalangur“ eftir Pardo Bazán og „Í fjöllum Bólivíu“ eftir Ricardo James Freyre sem báðar birtust í *Lesbók Morgunblaðsins*, 1928 og 1929. Þýðandi var Þórhallur Þorgilsson.

Sögurnar sem hafa verið nefndar fram að þessu voru þýddar ýmist úr spænsku eða millimálum, líklegast ensku eða dönsku. Valið virðist nokkuð handahófskennt og það efni þýtt sem hefur af tilviljun rekið á fjörur þýðenda og/eða útgefenda.

4. Næstu áratugir

Þegar komið er fram á fjórða áratuginn verður mikil gróska í þýðingum smásagna úr spænsku og hver sagan á fætur annarri birtist í ýmsum tímaritum, eða hátt á þriðja tuginn. Hér ber þýðingar Þórhalls Þorgilssonar hæst. Val sagnanna virðist nú markvissara og ekki jafn handahófskennt og fyrr og höfundar oft kynntir með stuttum inngangi. Auk þýðinga Þórhalls eru einnig frá þessum tíma sögur þýddar af Sveini Sigurðssyni, Þóroddi frá Sandi, Axel Thorsteinssyni og Árna Óla.

Árni Óla gaf út þýðingu sína „Maese Pérez organleikari“ eftir Gustavo Adolfo Bécquer í *Úrvalssögum* 1930 ásamt „Drengskap“ eftir Ricardo Fernández Guardia. Fyrri sagan er óbein þýðing (úr ensku) en Þórhallur Þorgilsson bætti um betur og birti nýja þýðingu sögunnar úr frummáli 1950 í *Samtíðinni* undir titlinum „Meistari Pérez“. Bécquer var helsta síðrómantíska skáld spænskra bók-

²⁹ Hér er vitanlega átt við módernisma hins spænskumælandi heims og má ekki rugla saman við samnefnda stefnu sem kom fram seinna í enskumælandi löndum. Þýðingar Þórhalls Þorgilssonar á tveimur þekktum ljóðum Daríos birtust í *Morgunblaðinu* 1928.

mennta en stundum er talað um verk hans sem for-móðernísk. Eftir hann liggja bæði ljóð og ljóðræni prósatextar. Sagan eftir Fernández Guardia var einnig þýdd aftur síðar. Þar var að verki Axel Thorsteinsson og hét nú sagan „Riddaraskapur“ og kom út í *Sunnudagsblaði Vísis* árið 1939 og sama ár í bókinni *Fegurst á jörðu og nokkurar smásögur aðrar*. Í bæði skiptin er höfundur rangnefndur Fernández García. Hafa þýðendur líklegast stuðst við sama textann úr ensku. Enska þýðingin birtist í ritinu *Great Short Stories of the World: A Collection of Complete Short Stories Chosen from the Literatures of all Periods and Countries* sem kom fyrst út árið 1926 og þar er höfundur rangnefndur. Villuna má eflaust rekja þangað; bókin hefur verið til hér á landi og nokkur eintök af henni eru á bókasöfnum landsins.³⁰ Árið 1947 kom út enn önnur útgáfa af sögunni undir titlinum „Göfuglyndi“. Það var í *Fálkanum*. Hér er sagan í styttri útgáfu, höfundur rangnefndur sem fyrr og þýðandi ekki nafngreindur. Af öðrum höfundum og þýðingum má nefna þýðingu Þórodds frá Sandi á sögunni „Vertu sæl, Cordera!“ eftir Clarín (Leopoldo Alas) sem birtist í *Viðari*, ársriti héraðsskólanna. Þetta er ein af klassísku sögunum eftir Clarín, einn atkvæðamesta höfund Spánar á 19. öld. Má leiða líkur að því að saga Claríns sé þýdd úr ensku en hana er einnig að finna í *Great Short Stories of the World* ásamt fyrrnefndum sögum eftir Bécquer og Fernández Guardia.

Aðrar sögur frá fjórða áratugnum þýddi Þórhallur Þorgilsson – úr frummáli. Þýðingar hans birtust víða, svo sem í *Vísi*, *Rökkri*, *Fálkanum*, *Borginni*, *Víkunni*, *Lesbók Morgunblaðsins* og *Tímanum*. Val smásagna hans ber vott um yfirgripsmikla þekkingu á bókmenntum Spánar og spænskumælandi landa Rómönsku Ameríku. Höfundar allra sagnanna voru og eru þekktir. Að því er best verður séð er fyrsta smásagnaþýðing Þórhalls frá 1928 og birtist í *Lesbók Morgunblaðsins*. Það var sagan „Ferðalangur“ eftir Pardo Bazán, sem áður var nefnd. Árið eftir kom út „Í fjöllum Bólivíu“ eftir Ricardo Freyre. Síðan þýddi Þórhallur hverja söguna á fætur annarri: „Hitaslagið“, „Fábjánarnir“ og „Skógarhunang“ eftir Horacio Quiroga sem þá þegar var orðinn einn markverðasti smásagnahöfundur Rómönsku Ameríku. Hann var frá Uruguay og var einn

³⁰ William Heinemann Ltd. gaf bókina út í London. Hún var endurútfingin 1927, 1928, 1929 og 1930.

fyrsti höfundur álfunnar sem tók þetta listform alvarlega og skrifaði greinar þar um. Aðrir höfundar sem Þórhallur þýddi voru Manuel Ugarte: „Benito hómopati“, Felipe Sassone: „Pizarro í Isla del Gallo“, Alberto Insúa: „Undrabarnið“ og Armando Palacio Valdés: „Óbrigðul lögmál“. Sömuleiðis þýddi hann sögurnar „Gasparón“ eftir Jacinto Octavio Picón, „Malpocado fer í vist“ eftir Ramón María del Valle-Inclán og „Múrinn“ eftir Vicente Blasco Ibáñez.

Margar af þessum þýðingum Þórhalls komu síðar út í bókinni *Spænskar smásögur* árið 1937, eða níu af tólf sögum.³¹ Í þeirri bók er langur og ítarlegur inngangur, fyrstur sinnar tegundar hér á landi, að minnsta kosti hvað varðar bókmenntir skrifaðar á spænskri tungu, en fyrir Þórhalli vakti að kynna rithöfunda bæði frá Spáni og spænskumælandi löndum Rómönsku Ameríku. Viðbótarsögurnar voru „Skógarmenn“ eftir Quiroga, „Kertasteyparinn“ eftir José Fernández Bremón og „Hin eilífa hringrás“ eftir Amado Nervo.

Á árunum 1938 og 1939 birtist um tugur smásagna eftir ýmsa höfunda þar sem þýðanda er ekki getið. Ekki er ólíklegt að Þórhallur hafi verið þar að verki. Sögurnar birtust í sömu ritum og á sama tíma og margar þýðingar hans. Þetta eru sögurnar „Giovanni“ eftir Manuel Ugarte, „Máttur sorgarinnar“ eftir Picón, „Apal-Gráni“ eftir Palacio Valdés, „Útburður“ eftir Alfonso Hernández Catá, „Undan straumi“ eftir Quiroga og „Maðurinn í speglinum“ eftir Amado Nervo.

Á þessum síðum hefur aðeins verið minnst á eina skáldsögu sem þýdd var í heild sinni, *Veneno sveitarhöfðingja*; fram að þessu höfðu einkum verið þýddir styttri textar eftir spænskumælandi höfunda: smásögur auk þjóðsagna. Þórhallur Þorgilsson segir í viðtali árið 1937 að hann hafi „lokið við að þýða skáldsögu eftir hinn heimsfræga, spænska rithöfund: Pérez Galdós, og k[omi] hún væntanlega út áður en langt um líður.“³² Þetta verk var aldrei gefið út og er það ennþá í handriti, eins og Þórhallur gefur til kynna einum og hálfum áratug síðar í grein sinni „Ecos españoles en

³¹ Sagan „Gasparón“ fékk nú nýjan titil: „Hefndin“, og titillinn „Malpocado fer í vist“ stýttist í „Malpocado“.

³² „Við þekkjum of lítið til suðurlanda“, *Morgunblaðið*, 25. sept. 1937, bls. 5. Sjá einnig Þórhallur Þorgilsson, *Spænskar smásögur*, Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1937, bls. 23.

Islandia“ frá 1951 sem getið var hér í upphafi.³³ Hvar handritið er niðurkomið er óvíst en leit að því stendur yfir. Benito Pérez Galdós var eitt af stórskáldum Evrópu og eitt helsta raunsæisskáld Spánar. Óneitanlega væri fengur að þessari bók á íslensku.

Eftir þennan gróskumikla áratug dregur eitthvað úr þýðingum á fimmta áratugnum og enn meira á þeim næstu. Þórhallur hélt þó áfram kynningarstarfi sínu og þýddi sögurnar „Asninn og uxinn“ eftir Pérez Galdós, „Furstinn af Magaz“ eftir Insúa og fyrrnefnda sögu, „Spá tatarans“ eftir Alarcón. Hann birti einnig eins konar útdrátt eða samantekt á 17. aldar prakkarasögunni *El Buscón* (Skáلكurinn) eftir Francisco de Quevedo undir heitinu „Skáلكurinn frá Segovíu“.³⁴ Áður hafði Þórhallur farið svipaða leið þegar hann birti í þremur þáttum samantekt á skáldsögunni *La vorágine* (Svelgurinn) eftir kólumbíska höfundinn José Eustasio Rivera í *Víkuni* undir heitunum „Eustacio Rivera: Æfintýri frá Suður-Ameríku“, „Eustacio Rivera: Frumskógurinn og leyndardómar hans“ og „Frá heimkynnum kátsjúksins“.³⁵

Allmargar þýðingar á sögum eftir spænska rithöfundinn Blasco Ibáñez komu út á þessum tíma. Vinsældir hans náðu hingað til lands en hann var mjög áberandi í fjölmiðlum víða um heim á þessum áratugum sökum andstöðu hans við Alfonso 13. Spánarkonung. Blasco Ibáñez var ákafur lýðveldissinni og skrifaði harðort árársarit gegn kónginum og var rekinn úr landi fyrir það. Hann var þó ekki síður þekktur fyrir Hollywoodkvikmyndir sem voru gerðar eftir skáldsögum hans og voru ófáar þeirra sýndar hér á landi.³⁶ Smásagnapýðingarnar voru „Æfisaga gömlu skútunnar“ sem kom út 1941 í jólablaði tímaritsins *Sjómaðurinn*. Ekki er vitað hver

³³ Þórhallur Þorgilsson, „Ecos españoles en Islandia“, bls. 15.

³⁴ „Skáلكurinn frá Segovíu“, *Vísir Sunnudagsblað*, 5. sept. 1943, bls. 1–6.

³⁵ Þórhallur Þorgilsson, „Eustacio Rivera: Æfintýri frá Suður-Ameríku“, *Vikan* 1/1938, bls. 17, 20; „Eustacio Rivera: Frumskógurinn og leyndardómar hans“, *Vikan* 2/1938, bls. 14, 21–22; „Frá heimkynnum kátsjúksins“, *Vikan* 3/1938, bls. 17–18, 21.

³⁶ Kvikmyndin *Riddararnir fjórir* (úr *Opinberunarbókinni*) var sýnd 1923 og 1924 hér á landi, *Kvenhatararnir* árið 1925, *Heitt blóð* 1926, *Freistingarnar* 1927, *Hringiðan* 1928 og *Aðdráttarafi konunnar* 1929. Gerð var mynd eftir einni frægustu skáldsögu hans *Blóð og sandur* og var hún sýnd hér 1931 og aftur í nýrri gerð 1942. Sjá dagblaðaauglýsingar frá þessum árum. Þórhallur Þorgilsson skrifaði kynningargrein um skáldið 1928: „Spænskur skáldsagnahöfundur. Vicente Blasco Ibáñez“, *Vikan*, 37/1928, bls. 293–294. Þess má geta til gamans að löngu síðar, eða árið 1984, voru sýndir í Ríkissjónvarpinu þættirnir „Fólkið við lónið“ eftir skáldsögunni *Cañas y barro* eftir Blasco Ibáñez.

Þýðandinn er en sagan er líklega þýdd úr dönsku.³⁷ Önnur þýðing á sömu sögu undir titlinum „Flakið“ birtist nokkrum árum síðar í *Sjómannablaðinu Vikingi*. Hér er þýðanda ekki heldur getið en hugsanlega er þýtt úr dönsku sem fyrr.³⁸ Efni sögunnar tengist sjómennsku og hefur átt vel við lesendur viðkomandi blaða. Nokkru síðar komu út tvær þýðingar á annarri sögu eftir Blasco Ibáñez: „Nótt í Serbíu“, sem birtist í *Ritlist og myndlist* 1948, og „Serbnesk nótt“, sem birtist í *Víði* 1950. Þýðandi fyrri útgáfu er Kristmundur Bjarnason en þýðandi þeirrar síðari er óþekktur.

Nokkrar þýðingar komu út eftir kvenrithöfund sem gekk undir karlmannsnafninu Fernán Caballero. Þetta voru „Bella Flor“ sem birtist sem barnasaga í *Sunnudagsblaði Vísis* og síðar í þýðingu Gunnars Árnasonar í *Ljósberanum* og „Stúlkan sem játaðist þremur mönnum“. Þessar sögur eru teknar úr bókinni *Cuentos de encantamiento* frá 1877 sem var ætluð börnum, en sögurnar eru eins konar ævintýri. Fernán Caballero er þó einkum þekkt fyrir skáldsöguna *La Gaviota* sem kom út árið 1849 og er almennt talin hafa markað upphafið að raunsæisstefnunni á Spáni. Aðrar þýðingar frá þessum tíma voru „Einvígi í Andalusíu“ eftir Estébanez Calderón, „Svarta mamma“ eftir José Francés í þýðingu Ásthildar Egilson, „Skæri“ eftir fyrrnefnda Pardo Bazán í þýðingu Leifs Haraldssonar, „Eftir orrustuna“ eftir Jacinto Octavio Picón í þýðingu Jóns Helgasonar og „Garður Maríu Antoníu“ eftir Alejandro Nieto.

Eins og sjá má er fjöldi þýðenda allnokkur og sumir þeirra hafa látið sér nægja að þýða aðeins eina sögu. Val smásagnanna virðist nokkuð handahófskennt og jafnvel fara eftir því hvað hefur rekið á fjörurnar líkt og á þriðja áratugnum. Bendir allt til þess að margar sögur séu þýddar gegnum önnur mál en spænsku og hafa þær eflaust komið hingað til lands eftir ýmsum leiðum og tungumálum.

Á næstu áratugum dregur nokkuð úr þýðingum. Á þeim sjötta birtust fáeinar þýddar sögur. Þórhallur hélt áfram starfi sínu og birti fyrrnefnda sögu, „Meistari Perez“ eftir Bécquer. *Bæjarblaðið* gaf út tvær sögur árið 1950: „Ægilegur fréttasápur“ eftir spænska rit höfundinn og háðfuglinn Ramón Gómez de la Serna og „Draum-

³⁷ Orðið „alcalde“ (bæjarstjóri) er notað sem sérnafn eða titill: „Hann Alcalden var ...“.

³⁸ Hér er bæjarstjóri einnig þýtt sem sérnafn: „Jafnvel Alcalden var ...“.

rós“ eftir Alberto Insúa. Þýðandi var Þórhallur en hann er ekki nafngreindur.³⁹ *Morgunblaðið* birti þýðingu á sögu eftir Quiroga: „Innflytjendurnir“. Sagan „Don Rafael, hinn hreinskilni“ eftir jöfur spænskra bókmennta, Miguel de Unamuno, birtist í *Heimilsblaðinu* og ári síðar í *Heimskringlu*. Þar er mjög góð höfundarkynning en nafn þýðanda ekki tekið fram. Allt eru þetta þekktir höfundar og vegur þeirra fól vaxandi á þessum tíma. Höfundurinn Arturo Barea var töluvert þýddur á þessum árum. Hann var einn þeirra fjölmörgu rithöfunda sem flýðu Spán undan einræðisstjórninni. Árið 1950 birtist sagan „Brennivín“ í *Lífi og list* en áður hafði önnur þýðing á sömu sögu komið út í *Víði* undir titlinum „Vökunótt“ og þá í þýðingu Helga Sæmundssonar. Þessar sögur fjalla um átökin í borgarastyrjöldinni spænsku. Aðrar sögur eftir Barea frá þessum tíma voru „Vatn undir brúnni“ í *Fálkanum*, „Strokjárníð“ í *Heima er best* og „Nautabaninn og zigaunamærin“ í *Fálkanum* (endurútgefin í sama riti 1962). Sagan „Stelsýki“ hafði birst í *Sunnudagsblaði Alþýðublaðsins* 1939. Tveir aðrir höfundar rata til Íslendinga: Argentínumaðurinn Arturo Cancela og dularfullur rithöfundur að nafni Martín Arrillaga sem ekki hefur tekist að hafa upp á. Í kynningu er hann sagður hafa gefið út kúbanskar smásögur í Bilbao undir þessu nafni en hafi svo bókstaflega gufað upp á tímum borgarastyrjaldarinnar.⁴⁰ Athygli vekur hversu margar sögur hafa verið þýddar oftar en einu sinni en það bendir til þess að menn hafi haft aðgang að sömu erlendu tímaritunum og bókunum á þessum árum hér á landi.

Þess má geta hér að tvær þýðingar á barna- og unglingsbókum komu út á þessum áratug, nánar tiltekið 1955 og 1958. Sú fyrri var *Frumskóga-Rútsí* eftir Carlotu Carvallo de Nuñez frá Perú í þýðingu ferðalangans Kjartans Ólafssonar og hin síðari *Marselínó* eftir Spánverjann José María Sánchez Silva en þýðendur voru José Antonio Fernández Romero og Sigríður Thorlacius. Sú bók kom út á frummálinu 1954. Var gerð kvikmynd eftir bókinni 1955 sem sló í gegn víða um heim, meðal annars hér á landi. Auglýsingar bókarinnar *Marselínó* virðast ganga út frá því að íslenskir lesendur þekki

³⁹ Einar G. Þórhallsson, sonur Þórhalls Þorgilssonar, veitti mér aðgang að ýmsum gögnum föður síns sem hann hefur tekið saman í mörg hefti og þar komu þessar upplýsingar fram.

⁴⁰ *Vikan* 13/1954, bls. 4.

til myndarinnar.⁴¹ Sigríður Thorlacius þýddi töluvert og hafði „lögum viðað að sér góðum erlendum barnabókum og þýtt margar þeirra“ eins og hún sagði í viðtali árið 1979 þegar hún las *Marselinó* í Ríkisútvarpinu.⁴² Fernández Romero var spænskur námsmaður sem dvaldi hér á sjötta áratugnum við íslenskunám og varð síðar mikilvirkur þýðandi norrænna bókmennta á spænsku. Hann þýddi meðal annars verk eftir Halldór Laxness meðan hann var hér á landi. Það er ekki ólíklegt að Fernández Romero hafi átt hugmyndina að því að fá Helga Hálfðanarson til að þýða spænsk skáld, meðal annars Federico García Lorca.⁴³

Á sjöunda áratugnum var lítið um smásagnabýðingar en Blasco Ibáñez vitjar þó aftur íslenskra lesenda. Saga hans „Flautuleikarinn frá Benicofar“ birtist í *Tímanum* en þýðandinn er óþekktur. Það sem einkennir helst þennan áratug og þá sem fylgja í kjölfarið er að nú beinast þýðingar að rithöfundum frá spænskumælandi löndum Rómönsku Ameríku. Á þessum árum fara Evrópumenn að kynnst bókmenntum ýmissa landa í Ameríku og verk rithöfunda þaðan rata út fyrir álfuna og ná meðal annars til Íslands gegnum ýmis tungumál. Tvær sögur eftir Juan Rulfo, hinn mikla smásagnahöfund frá Mexíkó, voru þýddar, „Segðu þeim að drepa mig ekki“ og „Vegna fátæktar okkar“. Þær birtust í *Lesbók Morgunblaðsins* 1963 og *Sunnudagsblaði Tímans* 1965. Þýðanda að fyrri sögunni er ekki getið en þá síðari þýddi Helgi H. Jónsson.⁴⁴ Þessar sögur eru báðar í smásagnasafninu *Sléttan logar* frá 1953. Rulfo er án efa einn markverðasti smásagnahöfundur álfunnar ef ekki heimsins. Árið 1962 birti *Félagsbréf AB* „Babýlóníuhappdrættið“ eftir annan „risa“

41 Sjá ýmsar dagblaðaauglýsingar, til dæmis *Vísir*, 12. des. 1958, bls. 7 og *Morgunblaðið*, 11. des. 1958, bls. 16. Einnig umfjöllun um bókina: „Nýjar bækur frá Iðunnarútgáfunni“, *Morgunblaðið*, 2. des. 1958, bls. 14 og „Frásagnir af örlagaríkum atburðum. Sex nýjar bækur Iðunnarútgáfunnar og meðal þeirra Akú-Akú“, *Vísir*, 3. des. 1958, bls. 4. Höfundurinn fékk bókmenntaverðlaun H.C. Andersens árið 1968.

42 *Þjóðviljinn*, 25. júlí 1979, bls. 13.

43 Jón Ármann Héðinsson sagði frá því í viðtali við undirritaða (24. nóv. 2010) að hann hafi komið Fernández Romero í kynni við Helga Hálfðanarson þegar hann dvaldi á heimili hans á Húsavík og var að þýða verk Halldórs Laxness. Má ætla að þessi kynni hafi að hluta til leitt til þess að García Lorca varð vinsæll hér á landi og þýddur svo mjög sem raun ber vitni. Fyrstu þýðingar Helga á García Lorca komu út 1957 í *Nýju Helgafelli*, en áður hafði Magnús Ásgeirsson þýtt (úr sænsku) „Vöggupulu“ úr leikritinu *Blóðbrúðkaup* eftir spænska skáldið og birt í *Helgafelli* 1945.

44 Hólmfríður Matthíasdóttir þýddi einnig fyrri söguna og las í Ríkisútvarpinu árið 1985. Hún er óútgefin.

spænskrar tungu: Jorge Luis Borges í þýðingu Ólafs Jónssonar. Tekið er fram að sagan sé þýdd úr ensku. Ef mér skjátlast ekki er þetta fyrsta smásaga eftir Borges sem birtist hér á landi, en hann átti eftir að verða Íslendingum nær og fleiri þýðingar á verkum hans komu út nokkru síðar.

Á áttunda áratugnum birtust örfáar þýðingar úr spænsku í tímaritum og dagblöðum: saga Nóbelsverðlaunahafans frá Guatemala, Miguels Ángels Asturias, „Johndel“, sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* í þýðingu Kristins Jóhannssonar,⁴⁵ „Maður rósarinnar“ eftir Manuel Rojas í þýðingu Guðbergs Bergssonar auk sögunnar „Dásamlegur dagur í lífi Baltazars“ eftir Gabriel García Márquez sem Erla Sigurðardóttir birti í *Svart á hvítu* 1978. Síðastnefnda smásagan ásamt þýðingu Guðbergs Bergssonar á skáldsögunni *Hundrað ára einsemd* eru fyrstu textarnir sem komu út á íslensku eftir García Márquez, en hann átti eftir að verða sá höfundur sem var hvað mest þýddur úr spænsku næstu árin.⁴⁶ García Márquez varð að eins konar tákngevingi fyrir þær nýju bókmenntir sem bárust til Evrópu frá Rómönsku Ameríku og hinar fjölbreyttu bókmenntir álfunnar fengu með tímanum á sig einhliða stimpil töfraunarsæis, því miður á kostnað margra góðra rithöfunda álfunnar. Á áttunda áratugnum kom einnig út sagan „Króksi og Skerðir“ eftir Cervantes í lítilli bók. Guðbergur Bergsson, sem átti eftir að verða einn okkar helsti þýðandi, þýddi söguna. Þetta er einn af styttri prósatextum eftir Cervantes.

Stakar smásagnaþýðingar voru fáar á þessum áratug eins og áður sagði en Guðbergur Bergsson gaf út smásagnasafnið *Suðrið* 1975 með sögum eftir Borges. Þetta er fyrsta smásagnasafnið hér á landi með þýðingum eftir einn spænskumælandi höfund.

5. Níundi áratugurinn til dagsins í dag. Stutt yfirlit

Á níunda áratugnum hleypur mikil gróska í þýðingar smásagna úr spænsku en þar ber þýðingar Guðbergs Bergssonar hæst sem og Ingibjargar Haraldsdóttur; aðrir koma þó við sögu. Um er að ræða

⁴⁵ Ekki hefur tekist að taka af öll tvímæli um uppruna þessarar sögu.

⁴⁶ Erla las þýðingu sína á smásögunni í Ríkisútvarpinu 1976. Síðar birtist hún í kennslubókinni *Örbirgð og auður* sem Námsgagnastofnun gaf út 1983.

ríflega tuttugu sögur. Árið 1981 tileinkaði *Tímarit Máls og menningar* 4. hefti ársins bókmenntum Suður Ameríku. Guðbergur tók heftið saman. Í því eru smásögur – auk ljóða og brota úr skáldsögum – eftir eina sjö höfunda: José María Arguedas, Julio Cortázar, Juan Carlos Onetti, Alfonso Reyes, Augusto Roa Bastos, Manuel Rojas og Juan Rulfo. Einnig er þar saga eftir Quiroga, en hún var í smásagnasafni hans *Ævintýri úr frumskóginum* sem Bjallan gaf út 1981 í þýðingu Guðbergs Bergssonar. Sú bók er oftast flokkuð sem barnabók. Quiroga samdi sögurnar fyrir börn sín þegar hann bjó ásamt þeim í frumskóginum í héraðinu Misiones í Argentínu. Bókin er gullmoli og verðskuldar endurútgáfu. Sagan „Höggna hænan“ eftir sama höfund birtist 1982 í bókinni *Hrollvekjur: Átta sögur* í þýðingu Guðbergs ásamt „Beatrís“ eftir spænska höfundinn Valle-Inclán. Fyrri söguna hafði Þórhallur Þorgilsson þýtt áður (1932) undir heitinu „Fábjánarnir“. Guðbergur þýddi einnig söguna „Spegillinn hennar Lídu Sal“ eftir Asturias 1986. Flestir eru þetta höfundar frá spænskumælandi þjóðum Rómönsku Ameríku en þýðingar þaðan eru áberandi á þessum áratug og þeim næstu eins og þegar hefur komið fram. Ingibjörg Haraldsdóttir þýddi sögurnar „Mjög gamall maður með afarstóra vængi“, „Fegursta sjórekið lík í heimi“ eftir García Márquez og „Samruni garðanna“ eftir smásagnameistarann Julio Cortázar. Þær birtust í *Tímariti Máls og menningar* eins og svo margar aðrar þýðingar, en það gegndi lykilhlutverki í því að kynna þessa „nýju“ höfunda ásamt tímaritinu *Teningi*, þó í minna mæli væri. Þá birti Ingibjörg þrjár þýðingar eftir kúbanska höfundinn Onelio Jorge Cardoso: „Við fjallveginn“ og „Gamalt járn“ í *Rétti* og „Ísabelíta“ í *Tímariti Máls og menningar*. Undir lok áratugarins fer að bera mjög á þýðingum smásagna eftir Íslandsvininn Borges: *Teningur* tileinkaði honum 7. hefti sitt árið 1989 með smásagna- og ljóðaþýðingum auk greina um hann. Smásögurnar voru: „Hógværð sögunnar“ og „Úlrika“ í þýðingu Sigrúnar Á. Eiríksdóttur, „Vinur í raun“ í þýðingu Einars Más Guðmundssonar og „Hringlaga rústir“, „Dauðinn og áttavittinn“ og „Um vísindalega nákvæmni“ í þýðingu Sigfúsar Bjartmarssonar.⁴⁷ Í byrjun áratugarins hafði *Tímarit Máls og menningar* birt „Allt og ekkert“ eftir Borges en þýðandi var Jón Viðar Jóns-

⁴⁷ Síðasta sagan er einn af styttri textum Borgesar og er nú stundum flokkuð sem örsaga.

son. Verk Borgesar hrifu Íslendinga og voru þeir nú smám saman að kynnst honum í gegnum ýmis tungumál. Allir höfundar smásagnanna sem þýddir voru á þessum áratug eru karlmenn frá Rómönsku Ameríku að undanskildum Spánverjunum Valle-Inclán og Rosu Chacel. Berglind Gunnarsdóttir þýddi söguna „Hnúturinn óleysanlegi“ eftir þá síðarnefndu en *Tímarit Máls og menningar* birti hana 1989.

Um miðjan áratuginn kom út bókaflokkurinn *Íslenskar smásögur* og í þeim tvö bindi sem báru hið kynlega nafn *Íslenskar smásögur: Þýðingar*. Í þeim voru nokkrar þýðingar úr spænsku sem áður höfðu birst á prenti.⁴⁸

Á síðasta áratug aldarinnar dregur enn og aftur úr stökum þýðingum en nokkur smásagnasöfn koma út. Hið fyrsta var *Blekspegillinn* frá 1990 með smásögum eftir Borges í þýðingu Sigfúsar Bjartmarssonar; sögurnar eru sautján en þrjár þeirra höfðu birst áður í *Teningi*. Þremur árum síðar kom út smásagnasafn með sögum eftir Cortázar undir titlinum *Endilöng nóttin* í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar. Í bókinni eru 17 sögur. Cortázar er löngu orðinn einn merkasti smásagnahöfundur heimsins og bók hans á íslensku verðskuldar vissulega endurútgáfu. Enn liðu þrjú ár og út kom *Lambið og aðrar sögur* eftir spænska rithöfundinn José Jiménez Lozano í þýðingu Jóns Thoroddsen og Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur. Smásagnaheftin þrjú eru öll úrvalsrit með sögum eftir einn höfund. Nokkrar stakar þýðingar birtust þó einnig hér og þar á þessum tíma: Jón Hallur Stefánsson hélt áfram kynningarstarfsemi sinni á Cortázar og þýddi fjórar stuttar sögur eða örsögur eftir hann í hið skemmtilega smátímarit *Ský* 1990: „Leiðbeiningar um ótta með nokkrum skýringardæmum“, „Örlög dropa“, „Hegðun spegla á Páskaeyju“ og „Ávarp bjarnarins“. Söguna „Fallbyssan frá Punta Grande“ eftir Néstor Taboada Terán þýddi Ástvaldur Ástvaldsson í *Tímarit Máls og menningar* 1993. Þessi saga fjallar um indíána í Andesfjöllunum og afdrif þeirra nú á dögum. Í lok áratugarins komu út tvær þekktar sögur eftir margnefndan Quiroga í þýðingu Guðbergs Bergssonar: „Dáni maðurinn“ og „Á reki“. Önnur þýðing af síðari sögunni hafði birst árið 1939 í *Vikunni* sem

⁴⁸ Þetta voru sögurnar „Hitaslagið“ eftir Quiroga í þýðingu Þórhalls Þorgilssonar, „Samkvæmt guðspjalli Markúsar“ eftir Borges, „Tekna húsið“ eftir Cortázar og „Sléttan logar“ eftir Rulfo, í þýðingu Guðbergs Bergssonar.

„Undan straumi“. Eins og sjá má hefur komið út þó nokkuð af þýðingum smásagnameistara álfunnar, þá Quiroga, Rulfo, Borges og Cortázar, þótt enn megi bæta um betur.

Við gerð yfirlitsgreina sem þessarar lenda sumir textar í „vafa-flokki“. Þetta á við bókina *Eva Luna segir frá* eftir Isabel Allende sem kom út 1990; hana mætti flokka sem smásagnasafn þótt hún sé í raun framhald af skáldsögunni *Eva Luna* í smásagnaformi. Sama á við um einhverja texta Nóbelskáldsins Octavio Paz frá Mexíkó, þeir gætu talist smásögur og jafnvel örsögur þótt sumir kynnu að nefna þá prósaljóð. Þar er átt við texta á borð við „Vöndur af bláum“ sem Sigfús Bjartmarsson þýddi árið 1987 í *Tening*. Sama „saga“ birtist síðar í úrvalssafninu *Allra átta*, sem kom út 1993 í þýðingu Sigfúsar Bjartmarssonar og Jóns Thoroddsen, en nú undir heitinu „Blá í vönd“. Að uppistöðu er *Allra átta* ljóðasafn en þar eru einnig textar í ætt við prósatexta svo sem „Skáldið að störfum“ og „Sambúð mín við ölduna“.⁴⁹

Fyrsti áratugur 21. aldar virðist heldur daufur en árið 2001 birtust þýðingar Erlu Erlendsdóttur á nokkrum smásögum og örsögum. Þær voru þáttur í kynningu á bókmenntum frá Kúbu og hétu: „Afkomandi ringulreiðarinnar“, „Á gönguför um Alameda“, „Maður og maður“ og „Sá útvaldi“ eftir Pedro Juan Gutiérrez, Vladimir Bermúdez García, Rafael de Águila Borges og Enrique del Risco. Þetta voru allt ungir höfundar, fæddir 1950–1967. Sama ár birtist „Ljósið er eins og vatnið“ í *Jóni á Bægisá* eftir García Márquez í þýðingu Stefáns Sigurkarlssonar. Á síðari hluta áratugarins fjölgar þýðingum og nýir höfundar eru kynntir, meðal annars Eduardo Galeano, Ángeles Mastretta, Ana María Matute, Rodrigo Rey Rosa, Ana María Shua, Rosario Sanmiguel og Luis Humberto Crosthwaite, allt höfundar smásagna eða örsagna.⁵⁰ Sögurnar voru birtar í *Tímariti Máls og menningar*, *Skirni*, *Stínu*, *Ritinu* og víðar. Einnig komu út tvö smásagnasöfn. Hið fyrra, *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Púertó Ríkó og Dóminíska lýðveldinu*, er yfirlitsrit smásagnagerðar hinna þriggja spænskumælandi

⁴⁹ Þar sem *Allra átta* er ljóðasafn eru þessir prósatextar ekki taldir með í smásagnalistanum sem fylgir greininni.

⁵⁰ Auk Galeanos og Shua má nefna höfunda þýddra örsagna, s.s. Vicente Huidobro, Nellie Campobello, Angélica Gorodischer, René Avilés Fabila, Ednodio Quintero, Ethel Krauze, Diego Muñoz Valenzuela, Triunfo Arciniegas og Armando José Sequera.

eyja í Karíbahafi. Í safninu eru þrjátíu sögur eftir þrjátíu höfunda, tíu frá hverri eyju. Þýðendur eru Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir sem einnig rita inngang. Hið síðara, *Raddir frá Kúbu. Smásögur kúbanskra kvenna*, kom út ári síðar, eða 2009. Í bókinni eru fjórtán sögur eftir fjórtán konur í þýðingu Erlu Erlendsdóttur sem einnig ritar inngang ásamt Luisu Campuzano. Þetta eru fyrstu ritin hér á landi sem taka skipulega fyrir smásagnagerð ákveðinna landsvæða. Árið 2010, í byrjun nýs áratugar, birtist svo í *Tímariti Máls og menningar* „Hinn“ eftir Borges í þýðingu Maríu Gestsdóttur.

Hér lýkur yfirferð þessari á þýðingu smásagna eftir spænskumælandi höfunda á íslensku, frá síðari hluta 19. aldar til upphafs annars áratugar 21. aldar. Í kjölfarið verður stuttlega gerð grein fyrir starfi og verkum Þórhalls Þorgilssonar, eins fyrsta Íslendingins sem sérmenntaði sig í spænsku og öðrum rómönskum málum.

6. Þórhallur Þorgilsson. Gleymdur þýðandi og fræðimaður⁵¹

Þórhallur Þorgilsson er án efa fyrstur manna hér á landi sem byrjar skipulega að þýða úr spænsku og vinna að því að kynna Íslendingum tungumál og menningu Spánar og annarra spænskumælandi þjóða ásamt Frakklandi, Ítalíu og Portúgal. Eftir hann liggur ógrynni verka á þessu sviði, svo sem þýðingar, greinar, bækur og kennslubækur. Hann getur talist „Fyrsti sérmenntaði Íslendingurinn í nýrómönskum málum“ eins og segir í inngangi að viðtali sem var tekið við hann árið 1937.⁵² Hann virðist hafa verið heillaður af suðrænni menningu; „hann var ekki Íslendingur ... hann var alltaf útlendingur“ er haft eftir syni hans, tónlistarmanninum Ólafi Gauki.⁵³

Þórhallur lagði stund á rómönsk mál í Frakklandi 1923–1929 en á þeim árum fór hann í langar námsferðir til Ítalíu, Spánar og

⁵¹ Ólafi Gauki og Einari G., sonum Þórhalls Þorgilssonar, eru færðar sérstakar þakkir fyrir allar þær upplýsingar sem þeir veittu um föður sinn sem og einstaklega ljúft viðmót þegar leitað var til þeirra. Þessi kafli byggist einkum á upplýsingum frá þeim bræðrum, blaðaviðtölum við Þórhall og greinum úr dagblöðum.

⁵² „Við þekkjum of lítið til suðurlanda“, bls. 5.

⁵³ Viðtal höfundar við Ólaf Gauk tekið 16. okt. 2010.

Portúgals. Hann lauk magistersprófi frá Sorbonne 1929. Síðar fór hann í tvær námsferðir til Spánar, 1951 og 1957. Í þeirri fyrri fékk hann magistersnafnbót frá Salamanca-háskóla.

Þegar Þórhallur kom aftur heim að námi loknu í lok þriðja áratugar síðustu aldar hóf hann að kenna rómönsk tungumál í einkatímum. Seinna kenndi hann einnig hermönnum á Keflavíkurflugvelli en þar var útibú Maryland-háskóla. Meðfram þessu stundaði hann verslunarstörf. Hann varð löggiltur skjalapýðandi og túlkur í spænsku og frönsku árið 1931, varakonsúll Ítalíu 1937, kenndi við Háskóla Íslands 1940–1942 en varð árið 1943 bóka-vörður Landsbókasafns og gegndi því starfi til dauðadags, 1958. Nokkrum árum eftir heimkomuna hófst hann handa við að gefa út kennslubækur í spænsku og ítölsku sem og málfræði og leskafla í sömu tungumálum. Þetta eru bækurnar: *Kennslubók í spænsku* (1931), *Ítölsk málfræði* (1932), *Ítalskir samtalskaflar og málfræðiæfingar* (1935), *Ítalskir leskaflar með ítalsk-íslensku orðasafni* (1937) og *Spænsk málfræði handa framhaldsnemum* (1944). Síðar komu út eftir hann *Spænsk lestrarbók* (1948), *Kennslubók í ítölsku* (1949) og *Frönsk hljóðfræði* (1951).⁵⁴ Þegar hann lést árið 1958 var kennslubók í íslensku fyrir Spánverja á leið í prentun.

Þórhallur hélt marga fyrirlestra tengda menningu rómanskra þjóða: um Spán, land og þjóð; spænska tungu, uppruna og þróun; tökuorð í spænsku; aðfengin orð og nýyrði í spænsku og áhrif suðrænna bókmennta á íslenskar bókmenntir. Hann hélt einnig fjölda útvarpserinda, meðal annars um *Don Kíkóta*, lýðveldið Spán, Baska og Baskahéruðin, skemmtanir á Spáni, spænsk þjóðlög, Ítalíu, Dante og skáldskap hans, Portúgalsfór, franska skáldið Ronsard og frönsku alfræðingana.⁵⁵

⁵⁴ Þórhallur Þorgilsson, *Kennslubók í spænsku*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1931, *Ítölsk málfræði*, Reykjavík: Ísafold, 1932, *Ítalskir samtalskaflar og málfræðiæfingar*, Reykjavík: 1935, *Ítalskir leskaflar með ítalsk-íslensku orðasafni*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1937, *Spænsk málfræði handa framhaldsnemum*, Reykjavík: Ísafold, 1944, *Spænsk lestrarbók: málfræðiæfingar, daglegt mál, bókmentakaflar, málsöguþættir og skýringar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1948, *Kennslubók í ítölsku, Málfræði, málfræðiæfingar, daglegt mál, fróðleikskafar, sögur og þættir*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1949 og *Frönsk hljóðfræði: ágrip ásamt nokkrum völdum lesköflum með hljóðskrift*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1951.

⁵⁵ Sjá auglýsingar dagblaða og dagskrá Ríkisútvarpsins í ýmsum dagblöðum frá þessum árum á timarit.is. Einnig „Háskólafyrirlestrar um klassísk og suðræn áhrif á íslenskar bókmenntir“, *Alþýðublaðið*, 2. nív. 1950, bls. 8.

Eins og sjá má var Þórhallur mjög iðjusamur og virtist ekkert varðandi málefni rómanskra þjóða vera honum óviðkomandi hvort sem það var á sviði menningar, sögu eða viðskipta. Hann skrifaði greinar um spænskar bókmenntir, um Spán og fjölbreytileika landsins, gröf heilags Jakobs á Spáni og ýmsa spænska rithöfunda, svo sem Blasco Ibáñez, Lope de Vega, Calderón de la Barca, Unamuno, Juan Ramón Jiménez að verkinu *El Cid* ógleymdu. Menning spænskumælandi þjóða Rómönsku Ameríku var honum einnig hugleikin. Hann skrifaði um argentínskar bókmenntir og gátsjóana (argentínsku kúrekana), Kólumbus og Ameríkuför hans, Brasíliufarana og annað efni, svo sem tungumálanám og kennslu, viðskipti við Spán og Filippseyjar sem voru að brjótast undan spænsku herraþjóðinni. En skrif hans einskorðuðust ekki við spænskan arf; hann skrifaði einnig um franskar bókmenntir, Albert Camus og goðsögnina um Sísýfos, þýðingar og endursagnir úr ítölskum miðaldaritum, Luigi Pirandello og íslenska sálma úr trúarljóðum Prúdentíusar.⁵⁶ Einnig skrifaði hann um íslensk efni í erlend rit.

Árið 1939 gaf Þórhallur út bókina *Byltingin á Spáni og borgarastyrjöldin 1936–1939*. Bókin er um margt greinargóð og sýnir mikla þekkingu á sögu Spánar, sérstaklega kaflarnir um annað lýðveldið og aðdraganda þess. Aftur á móti hallar á sagnfræðina þegar kemur að kaflanum um stjórn lýðveldissinna, það er „El frente popular“, og borgarastyrjöldina sjálfa. Bókin fékk misjafna dóma. K.B. sagði í *Vísí*: „Bók þessi ber það með sér, að mjög hefir málstaður stjórnar þeirrar, sem nú ríkir á Spáni [Francos] verið afluttur, einkum í málögnum socialista og annara rauðliða, og

⁵⁶ Sjá til dæmis Þórhallur Þorgilsson, „Frá Spáni“, *Borgin* 1/1932, bls. 22–30; „Brasíliufararnir. Frásögn um útflutning Íslendinga til Brasíliu á síðari hluta 19. aldar“, *Borgin* 2/1933, bls. 8–17 (birtist síðar í *Lesbók Morgunblaðsins*, 25. apríl 1971); „Þættir úr spænskri bókmentasögu“ (birtist í mörgum köflum 1932 og 1934) bæði í *Rökkri* og *Vísí*, einnig *Heimskringlu*; „Páfagaukurinn frá Salamanca, Miguel de Unamuno“, *Morgunblaðið*, 14. jan. 1937, bls. 5–6; „Tungumálanám og málakennsla í skólum“, *Vikan* 5/1938, bls. 3–4; „Viðskiptamál Spánverja“, *Frjáls verslun* 3/1939, bls. 6–7, 31; „Um argentínskar bókmenntir“, *Vikan* 1/1939, bls. 10–11; „Þegar Kólumbus fann Ameríku“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 18. okt. 1942, bls. 321–323 og 25. okt., bls. 332–334, 336; „Cid – Þjóðhetja Spánverja“, *Vísir Sunnudagsblað*, 24. jan. 1943, bls. 1–4; „Gröf Jakobs“, *Eimreiðin* 1/1940, bls. 70–78; „Nýja ríkið í Kyrrahafinu“, *Samtíðin* 2/1943, bls. 4–10; „Juan Ramón Jiménez“, *Stefnir* 3/1956, bls. 54–57; „Albert Camus og Sísýfosgoðsögnin“, *Dagskrá* 1/1958, bls. 55–61; „Um íslenska sálma úr trúarljóðum Prúdentíusar“, *Arbók Landsbókasafns Íslands*, 10–11/1953–1954. Fleiri greinar liggja eftir Þórhall.

verður sá málflutningur þeim síst til sóma er stundir líða fram.“⁵⁷ Aftur á móti sagði í *Morgunblaðinu*: „Frásögnin er skýr og víða mjög skemmtileg. En ef litið er á bókina frá sagnfræðilegu sjónarmiði, má telja, að samúð höfundar með öðrum styrjaldaraðiljanum komi óþarflega berlega fram.“⁵⁸ Má segja að með þessari bók hafi Þórhallur gerst full einsýnn í skoðunum og það má velta því fyrir sér hvort hann var látinn gjalda þess síðar.

En hvað var til af bókum á spænsku hjá íslenskum menningarstofnunum á þessum árum? Nokkuð barst af spænskum bókum á bókasöfn Íslands. Þórhallur var hvatamaður ásamt landsbókaverði að bókakaupum Landsbókasafnsins árið 1930. Þá voru keypt „úrvalsrit eftir nútímahöfunda spænska og ameríska.“⁵⁹ Þetta voru fyrstu bækur þessa eðlis hér á landi. Árið 1940 keypti Þórhallur bækur á spænsku fyrir bókasafn Háskóla Íslands um sama leyti og kennsla í spænsku hófst þar.⁶⁰ Menningarfélagið Club Romania, sem var stofnað 1948, átti veglegan bókakost. Í viðtali við *Alþýðublaðið* segir Þórhallur, stofnandi félagsins ásamt kaupmanninum Magnúsi Víglundssyni,⁶¹ að um 1000 bækur á rómönskum málum hafi verið í eigu þess.⁶² Mörg ritanna eru núna í kjallara Þjóðar-bókhlöðu. Af ritum kjallarans má sjá að spænski hluti safnsins hafi verið veglegur og hefur á sínum tíma opnað mönnum leið að menningarheimi spænskumælandi þjóða.

Þórhallur kom einnig að gerð orðabóka og alfræðiritra. Hann fór yfir orðabækur Boots: *Frönsk-íslensk* og *Íslensk-frönsk* orðabók

⁵⁷ K.B., „Bækur á jölamarcaðinum. Þórhallur Þorgilsson: Byltingin á Spáni“, *Vísir*, 20. des. 1939, bls. 6.

⁵⁸ Snorri, „Tvær bækur. Byltingin á Spáni“, *Morgunblaðið*, 5. janúar 1940, bls. 4.

⁵⁹ Þórhallur Þorgilsson, „Spænskar bækur“, *Vísir*, 29. maí 1930, bls. 2–3, hér bls. 2; Þórhallur Þorgilsson, *Spænskar smásögur*, bls. 6.

⁶⁰ „Endurreisnarstarfið á Spáni. Viðtal við Þórhall Þorgilsson, skjalapýðanda“, *Vísir*, 22. okt. 1940, bls. 2.

⁶¹ Magnús Víglundsson varð fyrsti ræðismaður Spánar á Íslandi 1949 og gegndi þeirri stöðu áratugum saman. Viðskiptatengsl hans við Spán voru mjög sterk og hann studdi hvers konar samband við landið. Hann hafði farið snemma á fjórða áratugnum til Spánar í viðskiptaháskóla en áður notið leiðsagnar Þórhalls Þorgilssonar í spænskri tungu. *Morgunblaðið*, 11. nóv. 1933, bls. 4.

⁶² „Club Romania“ starfar hér að kynnum og menningartengslum við rómönsk lönd“, *Alþýðublaðið*, 2. nóv. 1949, bls. 3. Í viðtalinu segir Þórhallur markmið klúbbsins vera: „að stuðla að gagnkvæmum kynnum Íslendinga og rómanskra þjóða, að aukinni þekkingu hér á rómönskum tungum og bókmenntun, en á íslenskri tungu og bókmenntum í rómönskum löndum, að koma upp safni bóka, tímarita og blaða, sem mætti með tímanum verða stofn að sérsafni fyrir rómönsk fræði hér á landi.“

sem út komu 1950 og 1953; í þeirri fyrrnefndu er viðauki eftir Þórhall. Til eru fyrstu blaðsíður spænsk-íslenskrar orðabókar (eins konar sýnishorn) sem Þórhallur var að vinna að.⁶³ Einnig var hann í hópi þeirra manna sem hugðust gefa út *Alfræðabókina* árið 1944. Ekki er vitað til þess að bókin hafi komið út, en hann átti að sjá um efnið „Rómanskar bókm“.⁶⁴ Sömuleiðis hafði hann hafist handa við undirbúning verksins *Íslensk landfræðiorðabók*.⁶⁵

Hvað snertir þýðingarstarf Þórhalls þýddi hann úr frönsku, ítölsku og portúgölsku en hvað mest úr spænsku. Það kemur ef til vill ekki á óvart í ljósi orða Símons Jóh. Ágústssonar í minningargrein um Þórhall: „Hann felldi snemma djúpa ást til rómanskrar menningar, sem entist honum allt lífið. Sérstaklega var hann heillaður af spænskri tungu og menningu.“⁶⁶ Einkum voru það smásögur sem Þórhallur þýddi úr spænsku. Þær birtust í hinum ýmsu tímaritum eins og hefur þegar komið fram á þessum síðum. Þýðingarstarfi hans hafa ekki verið gerð skil fram að þessu og í raun er hann „gleymdur“ þýðandi. Það sem hamlar góðu yfirliti er að oft er ekki greint frá þýðanda smásagna sem birtust hér og þar á sömu árum og í sömu ritum og Þórhallur birti megnið af þýðingum sínum, þó grunur leiki á að Þórhallur hafi þýtt þær margar. Eins og áður sagði kom út smásagnahefti hans, *Spænskar smásögur*, árið 1937. Undirtitill bókarinnar var: *úrval, eftir spænska og ameríska nútíma höfundu með bókmentasögulegum inngangi og æfiágripum I*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar gaf bókina út, en þetta rit átti að verða fyrsta bindið af þremur til fjórum eins og segir í inngangi bókar.⁶⁷ Þar er farið yfir bókmenntasögu prósavverka Spánar á 19. og 20. öld en í síðari bindunum átti að taka fyrir aðrar greinar: „Í næsta hefti verður væntanlega dregið á aðrar greinar bókmenntanna (ljóð, leikrit o.s.frv.).“⁶⁸ Ekkert virðist þó hafa orðið af útgáfu síðari binda.

Ætla má að Þórhallur hafi þýtt allt að þrjátíu smásögur auk þess sem hann tók saman skáldsögur Quevedos og Riveras. Skáldsög-

63 Sjá Lbs. 216856, frá 1958.

64 Sjá auglýsingar í: *Þjóðviljinn*, 29. nóv. 1944, bls. 2, *Verkamaðurinn*, 16. des. 1944, bls. 6, og *Fálkinn* 44/1944, bls. 16.

65 „Hafinn undurbúningur að ísl. landfræðiorðabók“, *Vísir*; 14. mars 1944, bls. 2.

66 Símon Jóh. Ágústsson, „Þórhallur Þorgilsson bókavörður. Minningarorð“, *Morgunblaðið*, 29. júlí 1958, bls. 9.

67 Þórhallur Þorgilsson, *Spænskar smásögur*, bls. 6.

68 Sama rit, bls. 63.

una *Doña Perfecta* eftir Pérez Galdós, sem tæpt var á fyrr, var hann þegar búinn að þýða árið 1937 en af óþekktum ástæðum kom hún aldrei út. Ekki er ólíklegt að hún hafi átt að koma út 1944 í flokknunum Úrvals skáldrit heimsbókmenntanna en samkvæmt dagblaða-auglýsingum frá sama ári skyldi flokkurinn vera í tólf bindum; Þórhallur bar ábyrgð á þýðingum úr spænsku.⁶⁹ Úr frönsku þýddi Þórhallur meðal annars skáldsöguna *Sfinxinn rauf þögnina* eftir Maurice Dekobra árið 1932. Ljód þýddi hann úr öllum tungumálunum. Þórhallur var hvað afkastamestur í þýðingum sínum úr spænsku frá lokum þriðja áratugar til 1950 en þegar hann hóf störf sín sem bókavörður við Landsbókasafnið 1943 dró úr þýðingastarfinu og hann sneri sér að efni sem átti hug hans allan: að rannsaka og skrá niður þau áhrif sem latneskar og rómanskar bókmenntir hafa haft á íslenskar bókmenntir. Þetta verk virðist hafa fangað hann síðustu ár hans eins og Finnur Sigmundsson landsbókavörður hefur sagt: „En síðustu árin virtist þetta hugðarefni hans vera honum hjartfölgjara en allt annað.“⁷⁰ Þýðingar viku til hliðar fyrir þessu verkefni. Afraksturinn af löngum setum við að fletta handritum og gögnum bókasafnsins var *Drög að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna* I og II (frönsku og ítölsku) sem var minnst á í upphafi þessarar greinar. En Þórhalli entist ekki aldur til að ljúka við útgáfu skrárinnar á hinum rómönsku málunum. Sjálfur sagði Þórhallur við útkomu fyrstu binda verksins að fyrir honum veki að: „rannsaka þann skerf, sem latneskar og rómverskar bókmenntir hafa lagt til íslenzkra ritmennta frá elztu tímum til þessa dags og hvað það sé helzt í bókmenntum vorum, sem beint eða óbeint má rekja til suðrænna fyrirmynnda.“⁷¹ Hann hafði haldið fyrirlestra um þetta efni⁷² og var með verk um það í smíðum – eins konar sögulegt yfir-

⁶⁹ Sjá *Alþýðublaðið*, 4. nóvember 1944, bls. 5 og *Morgunblaðið*, 5. nóvember 1944, bls. 6.

⁷⁰ Finnur Sigmundsson, *Árbók Landsbókasafns Íslands*, 14–15/1957–1958, bls. 11–12, hér bls. 12.

⁷¹ „Skrá um ritverk á ísl. af latneskum eða rómönskum uppruna“, *Morgunblaðið*, 19. jan. 1955, bls. 2. Sjá enn fremur „Merkilegt heimildarit“, *Vísir*, 30. ágúst 1955, bls. 4, „Hvað hefir komið út á íslenzku eftir rómanska höfunda“, *Timinn*, 15. jan. 1955, bls. 3 og „Áhrif latneskra og rómanskra bókmennta á Íslandi, forn og ný“, *Þjóðvilinn*, 20. jan 1955, bls. 3.

⁷² Hann hélt fjóra fyrirlestra um áhrif suðrænna bókmennta á íslenskar bókmenntir árið 1950 og 1951 við Háskóla Íslands. Sjá „Háskólafyrirlestrar um klassísk og suðræn áhrif á íslenzkar bókmenntir“, *Alþýðublaðið*, 2. nóv. 1950, bls. 8, sem og fleiri fréttatilkynningar frá þessum tíma.

lit yfir nefnd áhrif. *Drögin* samkvæmt Þórhalli „ber því nánast að skoða sem registur við þá sögu“.⁷³ Verk þetta kom aldrei út því Þórhallur lést um þetta leyti. Rannsókn hans á þessu sviði var þáttur íslenskrar menningarsögu sem hafði fram að þessu ekki verið skoðaður. Verk það sem liggur eftir Þórhall hefur að mörgu leyti gleymst í tímans rás,⁷⁴ en hann er án efa frumkvöðull hér á landi í rannsóknum á sviði rómanskrar menningar.

7. Fáein lokaorð

Oft hefur því verið fleygt að smásagnaformið sé nálægt því að vera dautt nú á dögum og útgáfa smásagna nánast ógerleg, að ekki sé minnst á smásögur í þýðingum. Frá lokum 19. aldar hafa komið út hér á landi meira en 100 stakar smásagnaþýðingar eftir spænskumælandi höfunda og átta smásagnasöfn með um 130 sögum. Margir þýðendur hafa spreytt sig á þessu sviði og fjöldi þeirra hefur aðeins þýtt eina sögu, ýmist gegnum önnur mál eða beint úr spænsku. Af ofangreindu má draga þá ályktun að smásagnaformið hafi lifað sæmilegu lífi í þýðingum úr spænsku hér á landi, einkum og sér í lagi á fyrri hluta síðustu aldar, jafnvel þótt fjöldi þýðinga sé ekki nema brotabrot af því sem hefur verið þýtt eftir höfunda frá Norðurlöndunum, enskumælandi löndum, Frakklandi, Þýskalandi og Rússlandi.

Auk þýðinganna sem hefur verið minnst á í þessari samantekt sem og smásagnaþýðinga úr öðrum tungumálum sem birtust í tímaritum og dagblöðum, má geta þess að hér á landi komu út úrvalsrit smásagnaþýðinga eftir erlenda höfunda – ýmist eftir marga eða einn höfund – með nokkuð tíðu millibili á fyrri hluta síðustu aldar, ekki síst á fjórða og fimmta áratugnum. Sem dæmi má nefna:

⁷³ „Skrá um ritverk á ísl. af latneskum eða rómönskum uppruna“, bls. 2. Hér segir að Þórhallur vinni að sögu um „bókmenntir suðurlanda og tengsl þeirra við bókmenntir vorar að fornu og nýju“, bls. 2. Aftur á móti tæpir Þórhallur í formála bókarinnar *Spænsk lestrarbók* frá 1948 á „væntanlegri bókmentasögu“, bls. xv, í *Spænsk málfræði handa framhaldsskólansnemendum* segir í auglýsingu að *Bókmentasaga suðurlanda* sé í undirbúningi og í auglýsingu *Kennslubókar í ítölsku* frá 1949 stendur að sama verk sé í smíðum. Hér virðist vera um tvö ólík verk að ræða.

⁷⁴ Þess ber að geta að Berglind Gunnarsdóttir minnst á Þórhall Þorgilsson og verk hans í fyrsta þætti af fimm þátta röð um spænskar bókmenntir sem voru fluttir í Ríkisútvarpinu árið 1993. Þar voru meðal annars lesin brot úr grein Þórhalls um spænsk latínuskáld.

*Smásögur eftir fræga höfunda. Sögusafn Tímans I (1928), Úrvals-sögur I (1930), Sögur frá ýmsum löndum 1, 2 og 3 (1932, 1933, 1934), Úrvalssögur með sögum eftir Maupassant (1936/37), 4 frægar sögur eftir Robert Louis Stevenson og fleiri (1937) og Ítalskar smásögur I og II (1937, 1938). Má segja að Spænskar smásögur (1937) hafi verið innlegg Þórhalls Þorgilssonar í þessa hefð. Á næstu áratugum komu út smásagnasöfnin *Á ég að segja þér sögu?* (1945), *Frægir höfundar. Smásögur I* (1946), *Úrvalssögur Menningarsjóðs. Sögur frá Noregi* (1948), *Úrvalssögur Menningarsjóðs. Sögur frá Bretlandi* (1949), *Sól skein sunnan. Sögur frá mörgum löndum* (1956) og *William Faulkner. Smásögur* (1956). Þá gaf Ísafold út samsafn smásagna úr tímariti sínu: *Sögur Ísafoldar 1–4* (1947).*

Af þessari upptalningu má ljóst vera hversu veigamiklu hlutverki smásögur gegndu í íslensku menningarlífi á árum áður, og sjálfsagt eru ekki öll kurl komin til grafar um hið mikla þýðing-arstarf sem hefur verið innt af hendi, hvort sem það er á sviði tíma-ritaútgáfu, blaða eða smásagnahefta. Ekki væri úr vegi að taka þetta gróskumikla starf á árum áður til fyrirmyndar og hefja smásagnaformið aftur til vegs og virðingar.

Drög að lista yfir þýddar smásögur eftir spænskumælandi höfundum sem birst hafa í tímaritum og/eda í bókum
© Listann hefur unnið Kristín Guðrún Jónsdóttir, Háskóla Íslands.

Birtingarár	Höfundur	Verk	Rit	Þýðandi	Athugasemdir ¹
1895–1896	Alarcón, Pedro Antonio de	Lúðurpeytarinn	<i>Þjóðviljinn ungi</i> , 16, 17, 18, 21, 22/1896 (50–67). <i>Sögusafn Þjóðv. unga</i> 5/1895–1896, (50–67).	K.B.	Höf. ekki getið. Sama saga og Klapphornið 2007/þýdd 1880–1913. Þýtt úr?
1896	Bellido de Luna, Beatriz	Chonita. Mexíkönsk frásaga	<i>Ólátin</i> 11/1896 (172–176)	?	Þýtt úr ensku
1904	Pereda, José María	Erfisdrykkjan	<i>Templar</i> 11–14/1904 (42–43, 47, 55–56)	?	Sennilega þýtt úr dönsku
1907	Pardo Bazán, Emilia	Heitið	<i>Breiðablik</i> 11/1907 (178–180)	?	Höf. rangnefndur Emilio Pardo Bazan. Þýtt úr?
1908	Casa-Escrito, Mariano	Bonita Estrella	<i>Breiðablik</i> 11/1908 (173–176)	?	Sennilega þýtt úr ensku
1909	Menéndez, Juan R. de	Ekkjan í Alquezar	<i>Bifreiðin. Útlendar sögur</i> , Ísafjarður, 1909 (1–15)	Guðm. Guðmundsson caud.philos.	Höf. rangnefndur Menandez. Þýtt úr?
1919–1920	Alarcón, Pedro Antonio de	Tvennskonafrægð	<i>Íðunn</i> 5/1919–1920 (222–230)	Árni Þorvaldsson	
1923	Baroja, Pío	Ástarsaga flakkara	<i>Sunnudagsblaðið</i> , 13. maí 1923 (2–3)	Axel Thorsteinsson	1972 í <i>Ástarfrýkturinn og sögur eftir aðra heimskanna höf.</i> Þýtt úr ensku
1924	Díaz-Garcés, Joaquín	Juan Neira	<i>Morgunblaðið</i> , 11., 12. og 13. júlí 1924 (4.4.4) <i>Rókkur</i> 2/1924 (3–14)	?	Höf. rangnefndur Joaquín. Þýtt úr?
1928	Pardo Bazán, Emilia	Ferðalangur	<i>Lesbók Mbl.</i> , 12. ágúst 1929 (251–253)	Þórhallur Þorgilsson	

1929	Freyre, Ricardo Jaimes	Í fjöllum Bólivíu	<i>Lesbók Mbl.</i> , 22. sept. 1929 (301–303)	Pórhallur Þorgilsson	Þýtt úr?
1929–1930	Darío, Rubén	Blæja Mab drottningar	<i>Saga sept.–febr./1929–1930</i> (200–203)	?	Sama saga og Meistarí Pérez 1950. Þýtt úr ensku
1930	Bécquer, Gustavo Adolfo	Maese Pérez organteikari	<i>Úrvassögur</i> , Ísafoldarprentsmíða, 1930 (46–61)	Ámi Óla	Höf. rangn. García. Sama saga og Riddarask. 1939 og Gófglyndi 1947. Þýtt úr ensku
1930	Fernández Guardia, Ricardo	Drengskapur	<i>Úrvassögur</i> , Ísafoldarprentsmíða, 1930 (3–14)	Ámi Óla	1937 í <i>Spæ. smásögur</i>
1930	Palacio Valdés, Armando	Óbrigðul lögmál	<i>Lesbók Mbl.</i> , 22. júní 1930 (194–197)	Pórhallur Þorgilsson (Ekki tekið fram)	1937 í <i>Spæ. smásögur</i> m/breyttum titli: Hefndin
1930	Picón, Jacinto Octavio	Gasparón	<i>Tíminn</i> , aukablað í september, 1930 (2–4)	Pórhallur Þorgilsson	1937 í <i>Spæ. smásögur</i> : Sama saga og Högma hænan 1982
1930	Quiroga, Horacio	Hitaslagið	<i>Fálkinn</i> 35/1930 (7, 15)	Þórhallur Þorgilsson	1937 í <i>Spæ. smásögur</i>
1930	Ugarte, Manuel	Benito hómopati	<i>Lesbók Mbl.</i> , 8. júní 1930 (178–181)	Þórhallur Þorgilsson	e.t.v. Þórhallur Þorgilsson
1930	Ugarte, Manuel	Giovanni	<i>Lesbók Mbl.</i> , 27. júlí 1930 (230–231)	?	1937 í <i>Spæ. smásögur</i>
1931	Blasco Ibáñez, Vicente	Múrin	<i>Rökkr</i> 2/1931 (133–137)	Þórhallur Þorgilsson	
1932	Quiroga, Horacio	Skógarhumang	<i>Morgunblaðið</i> , 24. des. 1932 (13)	Þórhallur Þorgilsson	
1932	Quiroga, Horacio	Fábjanarnir	<i>Borgin</i> 1/1932 (42–48)	Þórhallur Þorgilsson	
1932	Valle-Inclán, Ramón María del	Malpocado fer í vist	<i>Rökkr</i> 9/1932 (191–195) <i>Vísir</i> , 29. ágúst 1932 (3–4)	Þórhallur Þorgilsson	

1933	Sassone, Felipe	Pizarro í Isla del Gallo	<i>Lesbók Mbl.</i> , 7. maí 1933 (131–133)	Pórhallur Þorgilsson	1937 í <i>Spæ. smásögur</i>
1934	Insúa, Alberto	Undrabarnið	<i>Samtíðin</i> , 3. júlí 1934 (22–30)	Pórhallur Þorgilsson	Þýtt úr?
1935	Dolores, Carmen	Tár Zézé fráenku	<i>Fálkinn</i> 31/1935 (6)	?	12 sögur – 10 hóf. frá 5 löndum. 9 höfðu birst áður. 3 nýjar: Kertasteyparinn e. FernándeZ Bremón, Hin eilífa hringrás e. Nervo Skógarmenn e. Quiroga
1937	Palacio Valdés, Armando	<i>Spænskar smásögur: úrval</i>	Bokaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1937.	Pórhallur Þorgilsson	
Smásagnasafn	Blasco Ibáñez, Vicente	<i>efir spænska og ameríska nútíma höfundu</i>			
	Insúa, Alberto				
	Picón, Jacinto Octavio				
	FernándeZ Bremón, José				
	Nervo, Amado				
	Quiroga, Horacio				
	Sassone, Felipe				
	Ugarte, Manuel				
1937	Darío, Rubén	Satan og rósin	<i>Einreiðin</i> 2/1937 (198)	Sveinn Sigurðsson	
1938	Alas, Leopoldo (Clarín)	Vertu sæl, Corderal!	<i>Víðar</i> , ísl. ársrit héraðssk. 1938 (77–82)	Þóróddur frá Sandi	Þýtt úr ensku
1938	Picón, Jacinto Octavio	Máttur sorgarinnar	<i>Víkan</i> 4/1938 (15–16)	?	e.t.v. Þórhallur Þorgilsson
1939	Barea, Arturo	Steisýki	<i>Alþýðublaðið Sbl.</i> , 3. sept. 1939 (4,8)	?	Þýtt úr?
1939	FernándeZ Guardia, Ricardo	Ríddaraskapurur	<i>Vísir Sbl.</i> , 23. júlí 1939 (5–7)	Axel Thorsteinsson	Sama saga og Drengsk. 1930 og Gófuglyndi 1947. Hóf. rangnefndur Garcia. Þýtt úr ensku
1939	Caballero, Fernán	Bella-Flor	<i>Fegurst á jörðu og nokkurar smásögur aðrar</i> , 1939 (81–89)	?	Þýtt úr ensku
1939	HernándeZ Catá, Alfonso	Útbúrður	<i>Vísir Sbl. Jólabladd</i> , 50 (42–44)	?	e.t.v. Þórhallur Þorgilsson
			<i>Víkan</i> 26/1939 (18)	?	

1939	Nervo, Amado	Maðurinn í speglinum	<i>Vikan</i> 26/1939 (17)	?	e.t.v. Þórhallur Þorgilsson
1939	Palacio Valdés, Armando	Apal-Gráni	<i>Vikan</i> 4/1939 (8–9)	?	e.t.v. Þórhallur Þorgilsson
1939	Quiroga, Horacio	Undan straumi	<i>Vikan</i> 3/1939 (21)	?	Sama saga og Á reki 1999. E.t.v. Þórhallur Þorgilsson
1940	Estébanez Calderón, Serafín	Einvigi í Andalusíu	<i>Vísir Sbl.</i> , 15. sept. 1940 (6–7)	?	Höf. rangn. Serasín. Þýtt úr?
1941	Barea, Arturo	Vökunótt	<i>Samvinnan</i> 1/1941 (5–6)	Helgi Semundsson	Sama saga og Brennivín 1950. Þýtt úr?
1941	Blasco Ibáñez, Vicente	Æfisaða gömlu skútunnar	<i>Sjómaðurinn</i> Jólíblað 5/1941 (13–15)	?	Sama saga og Flaklóð 1948. Sennilega þýtt úr dönsku
1941	Caballero, Fernán	Bella-Flor	<i>Ljósberinn</i> 28/1941 (28–31)	Gunnar Árnason	Þýtt úr?
1942	Francés, José	Svarta mamma	<i>Dvöl</i> 2/1942 (142–145)	Ásthildur Egilsson	Sennilega þýtt úr spænsku
1942	Pardo Bazán, Emilia	Skæri	<i>Dvöl</i> 3–4/1942 (277–282)	Leifur Haraldsson	Þýtt úr?
1942	Picón, Jacinto Octavio	Eftir orrustuna	<i>Dvöl</i> 1/1942 (1–7)	Jón Helgason	Þýtt úr?
1943	Pérez Galdós, Benito	Asninn og uxinn	<i>Vísir Jólíblað</i> , 1943 (34–38)	Þórhallur Þorgilsson	Þýtt úr?
1945	Caballero, Fernán	Stúlkan sem játaðist þrem mönnum	<i>Fálkinn</i> 7/1945 (6)	Jóh. Sch.	Þýtt úr?
1945	Nieto, Alejandro	Garður Mariu Antoníu	<i>Fálkinn</i> 42/1945 (8–9)	?	Þýtt úr?
1946	Alarcón, Pedro Antonio de	Spá tatarans	<i>Samtíðin</i> 3 og 4/1946 (10–14 og 9–12)	Þórhallur Þorgilsson	
1946	Insúa, Alberto	Furstinn af Magaz	<i>Eimreiðin</i> 2/1946 (149–152)	Þórhallur Þorgilsson	1937 í <i>Spæz. smásögur</i>

1947	Fernández Guardia, Ricardo	Göfuglyndi	<i>Fálkinn</i> 15/1947 (8–9)	?	Sama saga og Drengskapur 1930 og Riddarskapur 1939. Höf. rang-nefundur García. Þýtt úr ensku
1948	Blasco Ibáñez, Vicente	Flakið	<i>Sjónanabl. Víkingur</i> 11–12/1948 (333–337)	?	Sama saga og Æfisaga gömlu skúttunnar 1941. Semilega þýtt úr dönsku
1948	Blasco Ibáñez, Vicente	Nótt í Serbíu	<i>Ritlist og myndlist</i> 1/1948 (73–78)	Kristmundur Bjarnason	Sama saga og Serbnesk nótt 1950. Þýtt úr sænsku
1949	Alarcón, Pedro Antonio de	Gúrkumar hans gamla Drésa	<i>Eimreiðin</i> 3/1949 (202–206)	S.S. Sveinn Sigurðsson?	Þýtt úr?
1950	Barea, Arturo	Brennivín	<i>Lif og list</i> 8/1950 (10–11)	?	Sama saga og Vökunótt 1940. Þýtt úr?
1950	Bécquer, Gustavo Adolfo	Meistarí Pérez	<i>Samtíðin</i> 1–4/1950 (8–11, 8–11, 12–14, 9–11)	Þórhallur Þorgilsson	Sama saga og Maese Pérez organleikari 1930
1950	Barea, Arturo	Vatn undir brúnni	<i>Fálkinn</i> 2/1950 (7–9)	?	Þýtt úr?
1950	Blasco Ibáñez, Vicente	Serbnesk nótt	<i>Víðir</i> 29/1950 (3–4)	?	Sama saga og Nótt í Serbíu 1948. Þýtt úr?
1950	Gómez de la Serna, Ramón	Ægilegur fréttasápur	<i>Bejarblaðið</i> 20. mars 1950 (7)	Þórhallur Þorgilsson (EKKI tekið fram)	
1950	Insúa, Alberto	Draumrós	<i>Bejarblaðið</i> 4/1950 (10–15)	Þórhallur Þorgilsson (EKKI tekið fram)	
1951	Barea, Arturo	Strokjárníð	<i>Heima er best</i> 2/1951 (44–46)	?	Þýtt úr?
1951	Unamuno, Miguel de	Don Rafael, hinn hremsklíni	<i>Heimilsblaðið</i> 11–12/1951 (147–151)	?	Þýtt úr?
1952	Unamuno, Miguel de	Don Rafael, hinn hremsklíni	<i>Heimskringla</i> 1. og 2/1952 (3, 3)	?	Þýtt úr?

1952	Quiroga, Horacio	Innflytjendurnir	<i>Morgunblaðið</i> , 17. sept. 1952 (6)	?	Þýtt úr?
1953	Arrillaga, Martín	Að leika sér að eldinum	<i>Víkan</i> 13/1954 (4,14)	?	Þýtt úr?
1953	Cancela, Arturo	Sjálfsmorðinginn og ljónið	<i>Víkan</i> 20/1953 (3)	?	Höf. rangnefndur Cansela. Þýtt úr?
1954	Barea, Arturo	Nautabanninn og zigaumærinn	<i>Fálkinn</i> 20/1954 (8–10)	?	1962 í <i>Fálkinn</i> titli breytt: Nautabanninn og zigaumærinn. Þýtt úr?
1961	Blasco Ibañez, Vicente	Flautuleikarinn frá Benicofar	<i>Timinn</i> , 16. apríl 1961 (8)	?	Þýtt úr?
1962	Barea, Arturo	Nautabanninn og zigaumærinn	<i>Fálkinn</i> 33/1962 (14–15, 34, 36)	?	1954 í <i>Fálkinn</i> sem Nautabanninn og zigaumærinn
1962	Borges, Jorge Luis	Babýlóníuhappdrettið	<i>Félagsbr: AB</i> 28/1962 (23–28)	Ólafur Jónsson	Þýtt úr ensku
1963	Rulfo, Juan	Segðu þeim að drepa mig ekki	<i>Lesbók Mbl.</i> , 6. okt. 1963 (3, 6)	?	Þýtt úr?
1964	Asturias, Miguel Ángel	Þjóðsagan um Tatónnu	<i>TMM</i> 1/1964 (57–61)	Guðbergur Bergsson	Sennilega þýtt úr ensku
1965	Rulfo, Juan	Vegna fátæktar okkar	<i>Timinn Sbl.</i> , 26. sept. 1965 (872, 885)	Helgi H. Jónsson	Þýtt úr?
1971	Asturias, Miguel Ángel	Johndel	<i>Lesbók Mbl.</i> , 3. jan. 1971 (12–13, 18)	Kristinn Jóhannsson	Þýtt úr?
1972	Baroja, Pío	Ástarsaga flakkara	<i>Ástandrökkurinn og sögur effir aðra heimskunnna höf.</i> , Rökkur, 1972 (69–78)	Axel Thorsteinsson	1923 í <i>Sunnudagsblaðið</i> Þýtt úr ensku
1973	Cervantes, Miguel de	Króksi og skerðir	Bokaútgáfa menningarsjóðs, 1973	Guðbergur Bergsson	Ein af „novelas ejemplares“ eftir Cervantes
1975	Borges, Jorge Luis	<i>Suðrið</i>	Mál og menning, 1975 (í kilju 1999)	Guðbergur Bergsson	15 sögur Skv. guðspj. Mark. í <i>Ísl. smásögur</i>
Smásagnasafn					1985

1976	Rojas, Mámuel	Maður rósarinnar	<i>TMM 2/1976 (440–451)</i>	Guðbergur Bergsson	1981 i <i>TMM</i>
1978	García Márquez, Gabriel	Dásamlegur dagur í lífi Balazars	<i>Svart á hvítu 2/1978 (54–65)</i>	Erla Sigurðardóttir	1983 i <i>Óþingð og andur</i>
1980	García Márquez, Gabriel	Mjög gamall maður með afarstóra vængi	<i>TMM 2/1980 (229–235)</i>	Ingibjörg Haraldsdóttir	
1980	Borges, Jorge Luis	Allt og ekkert	<i>TMM 3–4/1980 (385–386)</i>	Jón Víðar Jónsson	Þýtt úr ensku
1981	Arguedas, José María	Dauðastríð dansarans Rasú Nítí	<i>TMM 4/1981 (471–483)</i>	Guðbergur Bergsson	
1981	Cortázar, Julio	Tekna húsið	<i>TMM 4/1981 (491–496)</i>	Guðbergur Bergsson	1985 i <i>Ísl. smásögur</i>
1981	Onetti, Juan Carlos	Esbjörg er við ströndina	<i>TMM 4/1981 (483–491)</i>	Guðbergur Bergsson	
1981	Reyes, Alfonso	Kvöldmáltíðin	<i>TMM 4/1981 (433–440)</i>	Guðbergur Bergsson	
1981	Roa Bastos, Augusto	Göngin	<i>TMM 4/1981 (522–527)</i>	Guðbergur Bergsson	
1981	Rojas, Mámuel	Maður rósarinnar	<i>TMM 4/1981 (440–451)</i>	Guðbergur Bergsson	1976 i <i>TMM</i>
1981	Rulfo, Juan	Sléttan logar	<i>TMM 4/1981 (156–165)</i>	Guðbergur Bergsson	1985 i <i>Ísl. smásögur</i>
1981	Quiroga, Horacio	<i>Ævintýri úr frumskóginum</i>	Bjallan, 1981	Guðbergur Bergsson	8 sögur
Smásagnasafn					
1982	Cardoso, Onelio Jorge	Víð fjallveginn	<i>Réttur 2/1982 (96–98)</i>	Ingibjörg Haraldsdóttir	
1982	García Márquez, Gabriel	Fegursta sjörekið lík í heimi	<i>TMM 2/1982 (146–151)</i>	Ingibjörg Haraldsdóttir	
1982	Quiroga, Horacio	Höggna hnanan	<i>Hrolhekkjur: átta sögur</i> , Íöunn, 1982 (11–19)	Guðbergur Bergsson	Sama saga og Fábjanarnir 1932
1982	Valle-Inclán, Ramón María del	Beatris	<i>Hrolhekkjur: átta sögur</i> , Íöunn, 1982 (25–39)	Guðbergur Bergsson	
1983	Cortázar, Julio	Samruni garðanna	<i>TMM 2/1983 (206–207)</i>	Ingibjörg Haraldsdóttir	

GRAFÍÐ ÚR GLEYMSKU

1983	García Márquez, Gabriel	Dásamlegur dagur í lífi Ballazars	<i>Órþingó og auður</i> (73–82)	Erla Sigurðardóttir	1978 í <i>Svari á hvítu</i>
1984	Quiroga (Hítaslögð) Smásagnasafn	<i>Íslenskar smásögur: Þjóðingur</i>	Almenna Bókafélagið, 1984 (287–298)	Þórhallur Þorgilsson	1930 í <i>Fálkinn</i> og 1937 í <i>Spæsmásögur</i>
1985	Borges (Skv. guðsþji. M.) Smásagnasafn	<i>Íslenskar smásögur: Þjóðingur</i>	Almenna Bókafélagið, 1984 (11–20, 271–279, 343–365)	Guðbergur Bergsson	1975 í <i>Suðrið</i> 1981 í <i>TMM</i> 1981 í <i>TMM</i>
1985	Cardoso, Onelio Jorge	Gamalt járn	<i>Réttur</i> 1/1985 (32–35)	Ingibjörg Haraldsdóttir	
1985	Cardoso, Onelio Jorge	Ísabelíta	<i>TMM</i> 1/1985 (96–100)	Ingibjörg Haraldsdóttir	
1986	Asturias, Miguel Ángel	Spegillinn hennar Lídu Sal	<i>TMM</i> 2/1986 (185–200)	Guðbergur Bergsson	
1989	Borges, Jorge Luis	Högvarð sögunnar	<i>Teningur</i> 7/1989 (9–10)	Sigrún Á. Eiríksdóttir	
1989	Borges, Jorge Luis	Úlrika	<i>Teningur</i> 7/1989 (23–23)	Sigrún Á. Eiríksdóttir	
1989	Borges, Jorge Luis	Hringlaga rústur	<i>Teningur</i> 7/1989 (12–14)	Sigfús Bjartmarsson	
1989	Borges, Jorge Luis	Um vísindalega nákvæmni	<i>Teningur</i> 7/1989 (14)	Sigfús Bjartmarsson	Órsaga
1989	Borges, Jorge Luis	Dauðinn og áttavittinn	<i>Teningur</i> 7/1989 (15–19)	Sigfús Bjartmarsson	
1989	Borges, Jorge Luis	Vínur í raun	<i>Teningur</i> 7/1989 (20–22)	Einar Már Guðmundsson	Þýtt úr ensku
1989	Chacel, Rosa	Hnúturinn óleysantegi	<i>TMM</i> 50/1989 (95–105)	Berglind Gunnarsdóttir	
1990	Borges, Jorge Luis Smásagnasafn	<i>Blekspeglillinn</i>	Mál og menning, 1990	Sigfús Bjartmarsson	17 sögur 3 þeirra í <i>Teningi</i> 1989
1990	Allende, Isabel Smásagnasafn	<i>Eva Luna segir frá</i>	Mál og menning, 1990	Tómar R. Einarsson	23 sögur

1990	Cortázar, Julio	Leiðbeiningar um óíta með nokkrum skýringardæmum, Órlög dropa, Hegðun spegla á Páskaeyju, Ávarp bjarnarins	Skyt 1/1990 (20–25)	Jón Hallur Stefánsson	Órsögur
1993	Terán, Néstor Taboada	Fallbyssan frá Punta Grande	TMM 3/1993 (87–98)	Ástvaldur Ástvaldsson	
1993	Cortázar, Julio	<i>Endilöng nóttin</i>	Bjartur, 1993	Jón Hallur Stefánsson	17 sögur
Smásagnasafn					
1996	Jiménez Lozano, José	<i>Lambíð og aðrar sögur</i>	Mál og menning, 1996	Jón Thoroddsen og Kristín Guðrún Jónsdóttir	23 sögur
Smásagnasafn					
1999	Quiroga, Horacio	Á reki	TMM 3/1999 (76–78)	Guðbergur Bergsson	Sama saga og Undan straumi 1939
1999	Quiroga, Horacio	Dáni maðurinn	TMM 3/1999 (79–82)	Guðbergur Bergsson	
2001	Gutiérrez, Pedro Juan Bermúdez García, Vladimir de Aguilá Borges, Rafael del Risco, Enrique	Afkomandi ringulteigarinnar, Á göngufer um Alameda. Maður og maður, Sá útvaldi	TMM 3/2001 (4–8)	Erla Erlendsdóttir	Smásaga og órsögur
2001	García Márquez, Gabriel	Ljósíð er eins og vatnið	<i>Jón á Bægisá</i> 6/2001 (28–29)	Stefán Sigurkarlsson	
2006	Galeano, Eduardo	Raddir úr tímanum: sjö órsögur	<i>Skirnir</i> 180 (haust)/2006 (478–482)	Kristín Guðrún Jónsdóttir	Órsögur
2006	Mastretta, Ángeles	Clemencia frænka	<i>Vísbinding</i> 49/2006 (28–29)	Kristín Guðrún Jónsdóttir	
2006	Matute, Ana María	Samviskan	TMM 4/2006 (55–61)	Kristín Guðrún Jónsdóttir	
2006	Rey Rosa, Rodrigo	Tátin	<i>Jón á Bægisá</i> 10/2006 (106–110)	Kristín Guðrún Jónsdóttir	

2007	Alarcón, Pedro Antonio de	Klapphormið	<i>Undir sagnamána: Sögur Sagnasmíðjan, 2007 (23–34)</i>	Steingrímur Thorsteinsson	Þýtt milli 1880–1913. Tekið úr handriti Lbs. 1904. Sama saga og Lúðurþeyjarinn 1895–1896
2008	Shua, Ana María	Fáeinir örsögur	<i>Sína 2/2008 (63–65)</i>	Kristín Guðrún Jónsdóttir	Örsögur
2008	Smásagnasafn Carpentier, Alejo Alonso, Dora Piñera, Virgilio Cardoso, Onelio Jorge Chaple, Sergio Heras León, Eduardo Yáñez, Mirta Paz, Senel Bobs, Marilyn Santesteban, Ángel González, José Luis Marqués, René Soto, Pedro Juan Sánchez, Luis Rafael Ferré, Rosario García Ramis, Magali Vega, Ana Lydia López Nieves, Luis Sanabria Santalíz, Edgardo Santos-Febres, Mayra Bosch, Juan Contreras, Hilma Díaz Grullón, Virgilio Vélez Maggíolo, Marcio del Risco Bermúdez, René Alfonseca, Miguel Alcántara Almanzar, José Peix, Pedro Hernández, Ángela Arias, Aurora	<i>Svo fígurgrænar og frjósamar: Smásögur frá Kúbu, Þiðrtó Ríkó og Dómíníská fýveldnu</i>	Háskólaútgáfan, 2008	Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir	30 sögur – 30 höfundar

2009	Crosthwaite, Luis Humberto	Röðin	<i>Ritiró 1/2009 (141–146)</i>	Kristín Guðrún Jónsdóttir	
2009	Sanniguel, Rosario	Undir brúnni	<i>Ritiró 1/2009 (63–68)</i>	Kristín Guðrún Jónsdóttir	
2009	Huidobro, Vicente Campobello, Nellie Gorodischer, Angélica Avilés Fabila, René Quintero, Ednodio Krauze, Ethel Muñoz Valenzuela, Diego Arciniegas, Triunfo Sequera, Armando José	Órsögur um ást	<i>Sína 2/2009 (23–28)</i>	Kristín Guðrún Jónsdóttir	Órsögur
2009	Alonso, Dora Simásagnasafn Díaz Llanillo, Esther Elena Llana, María Fernández, Olga Yáñez, Mirta Bahr, Aida Alonso, Nancy Bebes, Marilyn Celorrio, María Liliana Fernández de Juan, Laidi Fernández Pinao, Mylene Vega Serova, Anna Lidia Suárez, Karla Portela, Ena Lucía	<i>Raddir frá Kíubu. Smásögur-kiúbanskra kvemma</i>	Stofnun Vigdísar Finnboga- dóttur/Háskólaútgáfan, 2009	Erla Erlendsdóttir	14 sögur – 14 hofundar
2010	Borges, Jorge Luis	Hímm	<i>TMM 3/2010 (60–66)</i>	María Gestsdóttir	

† Sögurnar eru þýddar úr spensku sé ekki annað tekið fram.

ÚTDRÁTTUR

Grafið úr gleysku Um smásagnabýðingar úr spænsku á íslensku

Þegar talað er um býðingar úr spænsku á íslensku er oft látið sem þær eigi sér stutta sögu, að fyrstu býðingar séu frá síðustu áratugum 20. aldar. Eftirfarandi grein leiðir í ljós að svo er ekki. Margar býðingar á smásögum eftir spænskumælandi höfunda er að finna í hinni mjög svo auðugu dagblaða- og tímaritaútgáfu hér á landi sem hefur verið við lýði allt frá lokum 19. aldar. Greinin er tilraun til þess að draga saman þetta býðingastarf frá lokum 19. aldar til dagsins í dag. Einnig er starfi fræðimannsins og býðandans Þórhalls Þorgilssonar gerð skil, en hann var fyrsti menntaði Íslendingurinn í rómönskum málum. Eftir hann liggur mikið starf, bæði fræðigreinar og býðingar úr rómönskum málum, einkum spænsku, sem hefur með tímanum fallið í gleysku. Greininni fylgja drög að lista yfir allar þær smásögur sem fundist hafa við rannsókn þessa.

ABSTRACT

Retrieved from Oblivion: On Short Story Translations from Spanish into Icelandic

It has been a common view that translations from Spanish into Icelandic are fairly recent, that they only date from the last decades of the 20th century. The following article shows that this is not so. Many translations of short stories by Spanish-speaking authors are to be found in the very rich tradition of newspaper and review publication from the end of the 19th century. The article attempts to summarize the history of these translations from the end of the 19th century up to this day. As an appendix there is a list of all the short story translations found during the research. Furthermore, the article explores the work of the scholar and translator Þórhallur Þorgilsson, the first Romanist in Iceland. He left behind a great amount of scholarly work and translations from Roman languages, especially Spanish, which have almost been forgotten.